VESTFIRSKIR VERKTAKAR
Háþrýstiþvottur
Kjarnaborun
Steinsögun
www.vverk.is Sími: 456 6600

• Veitingar
• Skemmtun
• Lifandi tónlist
• Góð þjónusta
Kaffi Edinborg

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk
Fimmtudagur 19. júní 2008 · 25. tbl. · 25. árg.

Símanúmer Landsbankans á Ísafirði er 410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Nýja byggðin í Súðavík. Ljósm: Mats Wibe Lund.

Vísbendingar um að brottfluttum líði verr en þeim sem urðu eftir

Niðurstöður rannsóknar sem Edda Björk Þórðardóttir, BA í sálfræði, hefur gert og hlotið verðlaunastyrk Félagsstofnunar stúdenta, benda til þess að eftirköst snjóflóðsins mannskæða í Súðavík í janúar 1995 séu langvinn. Þá eru í niðurstöðunum vísbendingar um að þeim sem fluttu á brott eftir flóð líði verr en þeim sem áfram búa í Súðavík. „Ég ætla þó ekkert að fullyrða um það, þar sem það þarf að staðfesta þetta með frekari rannsóknum“, segir Edda Björk. „Ég er að fara í master í lýðheilsufræði og ætla að kanna þetta nánar með fólki á Flateyri.“

Rannsóknin er eftirfylgd rannsóknar sem Ágúst Oddsson og Gylfi Ásmundsson gerðu árið 1996. „Ég sendi út spurningalista til þeirra sömu og fengu í fyrri rannsókninni. Þetta voru 18 spurningar sem snerta upplifunina af flóðinu, og svo tveir spurningalistar sem meta þrjá þætti áfallastreyturöskunar. Ég fékk 54% svarhlutfall sem telst nokkuð gott, en ég sendi í bréfpósti og 47 svöruðu. Helmingur þeirra var brottfluttur.“

Rannsóknin er BA verkefni Eddu Bjarkar. Hún ætlar að senda skýrsluna á skrifstofu Súðavíkurhrepps í þakklætisskyni fyrir þátttöku bæjarbúa. „Þetta er mjög áhugavert í fræðilegu og hagnýtu tilliti, verði hægt að staðfesta niðurstöðurnar með frekari rannsóknum“, segir Edda Björk.

„Jafnslæmt fyrir okkur og aðra“

Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts á Suðureyri, segir hátt leiguverð á þorskkvóta ekki síður koma illa niður á honum eins og öðrum sem eru háðir því að leigja til sín aflaheimildir. „Við ráðum ekki við þetta svona. Þetta er jafnslæmt fyrir okkur og aðra“, segir Elías. Hann samsinnir því að fyrirtækið hreinlega komist ekki hjá því að verða sér úti um aflaheimildir þar sem nú þegar hefur verið selt í ferðir sumarsins.

„En við höfum þann möguleika að tryggja okkur aflaheimildir eftir öðrum leiðum, með föstum viðskiptum og þess háttar.“ Fyrirtækið fékk úthlutað 40 tonnum af blönduðum byggðakvóta fyrir síðasta fiskveiðiár. 1.200 kílóum hefur verið ráðstafað á einn bát á Flateyri, en annað hefur Elías ekki enn séð. Hann segist þurfa 100 tonna þorskkvóta til að geta klárað sumarið.

Hallgrímur Guðmundsson, formaður útgerðarfélagsins Framtíðar, sagði í samtali við Vísi að alþjóðlegt siglingaleyfi, eins og sjóstangveiðimenn hafa, dugi engan veginn til þeirra veiða sem eru stundaðar á vegum Hvíldarkletts og Sumarbyggðar. „Það er bara hans persónulega skoðun“, segir Elías. „Það væri væntanlega löngu búið að stoppa okkur ef það væri ekki nóg.“ *– halfdan@bb.is*

Suðureyri. Ljósm: Mats Wibe Lund.

Frítt í strætó

Ákveðið hefur verið að gjald í almenningssamgöngur Ísafjarðarbæjar verði fellt niður. „Það var ákveðið að hafa frítt í strætó allt árið 2008 og endurmeta þá ákvörðun að fenginni reynslu.

Verði reynslan sú að íbúar Ísafjarðarbæjar hagnist á gjaldfrjálsum almenningssamgöngum má vænta þess að haldið verði áfram á þeirri braut. Fjöldi notenda er mælikvarðinn á það hvort þetta virkar eða ekki“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Halldór bendir á í grein hér í blaðinu að fríar ferðir með strætisvögnum sveitarfélagsins sé valkostur sem íbúar og aðrir notendur almenningssamgangna ættu virkilega að skoða þegar eldsneytisverðið hækkar sem mikið sem raun ber vitni. Áætlun vagnanna er á isafjordur.is, undir þjónusta.

Einnig er hægt að fá áætlunina á bæjarskrifstofunni og á stoppistöðvum. *– thelma@bb.is*

Þorskkvótinn dýr og vandfundinn

Leiguverð á þorskkvóta er með hæsta móti, fór uppí 260 krónur kílóið í þarsíðustu viku. Lítið framboð og hátt verð gerir þeim tveimur ferðaþjónustufyrirtækjum sem gera út á sjóstangveiði á Vestfjörðum erfitt fyrir segir Elías Guðmundsson hjá Hvíldarkletti á Suðureyri. Þeir fengu þó 40 tonn af byggðakvóta en það er ekki enn búið að úthluta honum.

Um 170 til 80 þýskir sjósportveiðimenn koma til Vestfjarða í viku hverri. Það fer eftir gæftum hversu mikið veiðist en Elías áætlar að hans fyrirtæki þurfi hátt í 200 tonna þorskkvóta yfir sumarið. Lítið framboð og mikil eftirspurn kallar á hækkun verðs á kvótanum en Elías segir ekki hægt að rukka ferðamanninn fyrir verðhækkunina.

Kvótinn sem Hvíldarklettur hefur sankað að sér er að verða uppurinn og það vantar um 100 tonn til að klára sumarið. Elías segir að þeir hafi leigt um 1300 kíló af kvóta í síðustu viku á 240 krónur kílóið, en að þeir geti ekki keypt meiri kvóta á svo háu verði. Aðalvandamálið sé hins vegar ekki verðið heldur það að framboð af kvóta sé nánast ekkert. Þar sem ferðaþjónustan ráðist algerlega af leigukvóta sé ástandið afar viðkvæmt.

Grasagarður í víkinni?

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur tekur vel í hugmyndir Þorleifs Eiríkssonar, forstöðumanns Náttúrugripasafns Bolungarvíkur/Náttúrustofu Vestfjarða, um að komið verði á fót grasagarði með vestfirskum plöntum í miðbæ Bolungarvíkur.

Tilgangur garðsins yrði sá að fræða íbúa bæjarins, og þá sérstaklega nemendur, um plöntulíf á svæðinu. Garðurinn yrði undirdeild Náttúrugripasafnsins sem sæi um almennan rekstur, kynningu á garðinum ásamt merkingum og upplýsingaskiltum. Þá sæi Náttúrustofan um öflun og greiningu plantna á svæðinu og garðyrkjudeild bæjarins sæi um að hlúa að plöntunum og sjá til þess að garðurinn væri í góðu standi, jafnvel með hjálp frá vinnuskóla bæjarins.

„Svo vona ég því að þetta verði líka áhugavert fyrir ferðamenn og að aðstaða í garðinum verði kjörin fyrir allskyns uppákomur fyrir bæjarbúa," segir Þorleifur. Eins og áður sagði tók umhverfismálaráð jákvætt í erindið og lagði til við bæjarstjórn að Bolungarvíkurkaupstaður taki þátt í verkefninu.

– nonni@bb.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

Jón Hjörtur Jóhannesson

Hlíf I – áður Hraunprýði Ísafirði

lést laugardaginn 14. júní. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 21. júní kl. 11:00.

Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á að láta Krabbameinsfélagið Sigurvon njóta þess.

Ólöf Erna Guðmundsdóttir
Katrín Jónsdóttir
Anna Jónsdóttir — Konráð Einarsson
Halldóra Jónsdóttir — Eiríkur Böðvarsson
Jóhannes Jónsson — Íris Björk Felixdóttir
Íris Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hluti gagnanna, 26 bretti, komu á föstudag.

Kaldastríðsgögnin komin vestur

Hluti gagna utanríkisráðuneytisins frá árunum 1945 til 1991 er kominn vestur á Ísafjörð, en eins og áður hefur komið fram í fréttum BB stendur til að flokka, greina og ganga frá gögnunum í bænum. Um 26 bretti komu með flutningabíl á föstudag sem er þó aðeins lítill hluti þeirra gagna sem unnið verður með, en heildarmagnið frá utanríkisráðuneytinu er um 130 bretti. Þjóðskjalasafnið, sem annast verkefnið, hefur fengið aðstöðu í gamla Íshúsinu til verkefnisins.

Að sögn Péturs Kristjánssonar, skjalavarðar hjá Þjóðminjasafninu, er verkefnið í raun tvískipt. Annar hluti verkefnisins er skráning, flokkun og frágangur gagna frá utanríkisráðuneytinu en einnig verður annað verkefni Þjóðskjalasafnsins til tveggja ára unnið samhliða sem miðar að því að flokka gögn safnsins frá sýslumannaembættum víðs vegar um landið. Heildarmagn gagna um sýslumannaembættin er um 1.200 hillumetrar en verkefnið er unnið á þremur stöðum víðsvegar um landið. Þó verkefnin séu unnin samhliða og með sama verkefnisstjóra munu þau að öllu vera aðskilin og hafa sér starfsfólk fyrir hvern hluta.

Að sögn Péturs, sem mun hafa yfirumsjón með verkefninu, eru skýrar skilgreiningar ekki komnar á hreint frá utanríkisráðuneytinu um hvað af hugsanlega viðkvæmum upplýsingum megi gera opinberar. „Fyrst og fremst snýst verkefnið í raun og veru um það að flokka gögnin þannig að þau verði aðgengilegri fyrir almenning og fræðimenn, hver svo sem mun hafa aðgang að þeim. Við munum grunnskrá gögnin fyrir skjalasöfn sem mun auðvitað gjörbreyta aðstöðu og aðgangi fólks að þessum upplýsingum", segir Pétur.

Hann segir þó að eitt af markmiðum verkefnisins sé að sjá hvaða upplýsingar gögnin hafi að geyma og flokka þau samkvæmt innihaldi, en einhverjar takmarkanir verða settar á aðgang upplýsingar er varða þjóðaröryggi og einkahagi fólks. Áætlað er að flokkun og greining gagna utanríkisráðuneytisins taki um fjögur ár, en í verkefninu felast tvö stöðugildi.

– nonni@bb.is

Það eina sem þarf er hálftíma kaffipása og helst gott veður. Myndir: Oddur Elíasson.

Hver þarf suðrænar strendur?

Á tímum lækkandi krónu og hækkandi verði á ferðum til sólarlanda hugsa margir sig um tvisvar áður en þeir fljúga á suðrænar slóðir. Engin nauðsyn er þó að fara í vikuferð til Spánar eða Portúgal til að synda í sjónum. Nokkrir ferðamálafrömuðir á Ísafirði sönnuðu á dögunum að það eina sem þarf til er hálftími í hádeginu og Pollurinn góði.

Að sögn kappana ætla þeir að gera þetta að vikulegum viðburði og er fólki velkomið að slást í sundhópinn. Að sögn Hauks Sigurðssonar, starfsmanns Vesturferða og eins sundgarpanna, var sundferðin „helvíti hressandi".

– nonni@bb.is

Haukur Sigurðsson, Gylfi Ólafsson og Jón Páll Hreinsson voru hressir að loknu hádegissundinu. Þó var eitthvað kvartað undan „minnkun".

Afköstin aukast um 140%

Stjórn Bakkavíkur í Bolungarvík hefur ákveðið að ráðast í framkvæmdir við rækjuverksmiðju félagsins til að auka hagvæmni í vinnslunni. Einnig hyggjast þeir hefja vinnslu á vöktum sem, ásamt breytingum á verksmiðjunni, ætti að skila um 140% meiri afköstum í vinnslu en náð er nú. Áætlað er að breytingarnar muni kosta um 208 milljónir króna en skrifað hefur verið undir samninga um kaup á tækjum og breytingar á verksmiðjunni. Áætluð framleiðslugeta rækjuverksmiðjunnar eftir breytingar verður 12.000 tonn á ári miðað við framleiðslu á tveimur vöktum. Til að ráðast í framkvæmdirnar hefur fjármagn verið tryggt frá Byggðastofnun ásamt því að stefnt er að því að auka hlutafé félagsins um 40 milljónir. Þetta kemur fram í bréfi stjórnar Bakkavíkur til hluthafa þar sem þeim er boðið að taka þátt í hlutafjáraukningunni. Í bréfinu kemur einnig fram að afkoma vinnslunnar hafi verið slæm upp á síðkastið og mat stjórnar Bakkavíkur sé að eina leiðin til að halda áfram rekstri félagsins sé að auka hagkvæmni vinnslunnar, en mun hærra hráefnisverð er á Íslandi ef miðað er við keppinauta í Kanada og á Grænlandi. Bæjarráð Bolungarvíkur hefur fagnað ákvörðun Bakkavíkur um frekari uppbyggingu rækjuvinnslu í Bolungarvík.

– nonni@bb.is



Frá höfninni í Bolungarvík.

Vilja ekki frekari niðurskurð

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um enn frekari niðurskurð aflaheimilda koma sem reiðarslag yfir vestfirsk sjávarútvegsfyrirtæki og ekki verður séð hvernig slíkt geti annað en leitt til ófarnaðar fyrir sjávarútveg á Vestfjörðum. Þetta kemur fram í áskorun Sjávarútvegsklasa Vestfjarða til sjávarútvegsráðherra. Þá er skorað á ráðherrann að auka frekar aflaheimildir á helstu nytjastofnum landsvæðisins og minnka ekki aflaheimildir á ýsu.

Áskorunin er svohljóðandi:

„Sjávarútvegsklasi Vestfjarða (SKV) skorar á sjávarútvegsráðherra að beita öllu sínu valdi til að koma í veg fyrir enn frekari niðurskurð aflaheimilda. Bent er ítrekað á að sjávarútvegur er kjölfesta atvinnulífs í nær öllum byggðarlögum á Vestfjörðum og því alvara málsins mikil.

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um enn frekari niðurskurð aflaheimilda kemur sem reiðarslag yfir vestfirsk sjávarútvegsfyrirtæki og ekki séð hvernig slíkt geti annað en leitt til ófarnaðar fyrir sjávarútveg á Vestfjörðum. Lögð er áhersla á að sjónarmið sjómanna vegi þyngra en áður við ákvörðun stjórnvalda um aflaheimildir.

Skorað er á sjávarútvegsráðherra að auka frekar aflaheimildir á helstu nytjastofnum landsvæðisins s.s. steinbít og þorski og minnka ekki aflaheimildir á ýsu. Sérstaklega leggur SKV áherslu á aukningu á steinbít vegna mikilvægis hans fyrir vestfirskan sjávarútveg og jákvæða stöðu stofnsins.

Ennfremur er áréttað að núverandi aflaheimildir á þorski eru undir mörkum þess að hægt sé að veiða og fullnýta aðrar tegundir bolfisks. Aðeins með aukningu aflaheimilda verður komið í veg fyrir fyrirsjáanlegar og alvarlegar afleiðingar mikils niðurskurðar aflaheimilda. Ítrekuð er tillaga um að hvalveiðar verði hafnar af fullum þunga til að hraða uppbyggingu þorskstofnsins.

Jafnframt er ítrekuð ályktun um virkar mótvægisaðgerðir sem hafi bein áhrif á sjávarútvegsfyrirtæki og starfsfólk þess á Vestfjörðum á þrengingartímum vegna niðurskurðar þorskaflaheimilda.“

Að yfirlýsingunni standa Bakkavík hf., Oddi hf., Fiskvinnslan Jakob Valgeir, Klofningur ehf., Þórsberg ehf., Fiskvinnslan Íslandssaga hf., Kampi ehf., Hólmadrangur ehf., Eyraroddi ehf. og Perlufiskur ehf.



Óskar skýringa á 20 milljóna króna framkvæmdum

Anna Guðrún Edvardsdóttir, bæjarfulltrúi A-listans í Bolungarík, hefur óskað eftir skriflegum upplýsingum um hvers vegna fimm málaflokkar fóru fram úr fjárhagsáætlun 2007. Þeir eru fræðslu- og uppeldismál, æskulýðs- og íþróttamál, brunamál og almannavarnir, umhverfismál og eignasjóður.

„Þá óska ég skriflegra skýringa á því af hverju ekki var borið undir bæjarráð og bæjarstjórn, framkvæmdir fyrir 20 milljónir króna sem hvergi hafa komið fyrir ofangreindar nefndir til formlegrar samþykktar. Einnig óska ég eftir upplýsingum um til hvaða framkvæmda ofangreind fjárhæð fór“, segir í bókun Önnu Guðrúnar sem lögð var fram fyrir bæjarráði í síðustu viku.

„Ég geri mér grein fyrir því að sumt á sér eðlilegar skýringar en farsælast er fyrir áframhaldandi vinnu við hagræðingu í rekstri bæjarfélagsins að allar upplýsingar um fjármál sveitarfélagsins liggi fyrir“, segir í bókuninni.

Strætófarþegum fjölgar

Farþegum almenningsvagna Ísafjarðarbæjar hefur fjölgað það sem af er ári og að sögn Friðfinns Sigurðsson eigenda F&S hópferðabíla hefur sérstaklega verið aukning síðustu daga. Eins og greint hefur verið frá hefur verið ákveðið að fella niður gjald í almenningssamgöngur út árið en þá verður ákvörðunin endurmetin að fenginni reynslu.

„Ég hef trú á þessu og vonandi er fólk að taka við sér. Aukning hefur átt sér stað alveg frá áramótum. Sem dæmi má taka að síðasta sumar átti það sér alloft stað að engir farþegar væru í morgunferðinni innan úr Holtahverfinu en í síðustu viku voru þeir 21 að meðaltali. Þá hefur einnig verið aukning á farþegafjölda milli Þingeyrar, Flateyri og Ísafjarðar“, segir Friðfinnur.

Vonir standa til að íbúar Ísafjarðarbæjar nýti sér fríar ferðir með strætisvögnum sveitarfélagsins ekki síst þegar eldsneytisverðið hækkar svo mikið sem raun ber vitni. Áætlun vagnanna er á isafjordur.is, undir þjónusta. Einn-ig er hægt að fá áætlunina á bæjarskrifstofunni og á stoppistöðvum. *– thelma@bb.is*

Verðlaunahafar á mótinu.

Júlíana og Bjarni sigruðu

Júlíana Guðmundsdóttir (GR) og Bjarni Pétursson (GBO) sigruðu á opna Kaupþingsmótinu sem haldið var á Syðridalsvelli í Bolungarvík í gær. Alls mættu 37 keppendur til leiks og var keppt í karla-, kvenna- og opnum flokki. Mótshald gekk vel þrátt fyrir votviðri í upphafi keppnisdags. Þá fékk Chatchai Phothiya nándarverðlaun þriðju braut, Bjarni Pétur Jónsson á þeirri fimmtu, Guðmundur Óskar Reynisson á þeirri tólftu og Bjarni Pétursson á fjórtándu.

Úrslit voru sem hér segir:

Í opnum flokki með forgjöf:

1. Janusz Pawel Duszak GBO á 69 höggum
2. Ernir Steinn Arnarsson GBO á 72 höggum
3. Guðbjartur Flosason GBO á 74 höggum
4. Hjalti Proppé GGL á 74 höggum
5. Unnsteinn Sigurjónsson GBO á 74 höggum

Í kvennaflokki án forgjafar:

1. Júlíana Guðmundsdóttir GR á 92 höggum
2. Valdís Hrólfsdóttir GBO á 94 höggum
3. Guðný Erla Guðnadóttir GÍ á 109 höggum

Í karlaflokki án forgjafar:

1. Bjarni Pétursson GBO á 75 höggum
2. Rögnvaldur Magnússon GBO á 76 höggum
3. Weera Khiansanthiah GBO á 80 höggum

Þeir Weera Khiansanthiah GBO. Gunnlaugur Jónasson GÍ og Chatchai Phothiya GBO voru jafnir í 3. sætinu en Weera hlaut 3. sætið eftir bráðabana. „Mótsstjórn GBO þakkar keppendum fyrir góðan dag, Kaupþingi fyrir glæsilegt mót og óskar verðlaunahöfum til hamingju með árangurinn“, segir í tilkynningu frá mótshöldurum.

Morrinn tók til hendinni á Silfurtorgi

Morrinn, leikhús ungmenna í Ísafjarðarbæ, stóð fyrir hreinsunarátaki á Silfurtorgi á Ísafirði í hádeginu á föstudag. „Okkur fannst vera svo skítugt að við ákváðum að taka til hendinni“, segir Ársæll Níelsson leikstjóri Morrans. Ekki var annað að sjá en að allsherjarhreingerning ætti sér stað er ljósmyndara vefsins bar að garði en þurrkað var af ruslatönnum, torgið sópað og meira að segja var rykið dustað af vegfarendum. „Það þýðir sko ekkert hálfkák“, segir Ársæll. Morrinn hefur staðið fyrir uppákomum í miðbæ Ísafjarðar á föstudögum undanfarin sumur og var hreinsunin ein af þeim.

Morraliði tilbúinn í slaginn en vegfarandi horfir undrandi á.

Fimmtán leikarar starfa við Morrann í ár og hafa þeir nóg fyrir stafni. Stór þáttur í starfsemi Morrans er að taka á móti skemmtiferðaskipum sem koma til Ísafjarðar en annað skip sumarsins kom til á föstudag. Dagskráin sem boðið er upp á fyrir farþega skipanna fer fram í Neðstakaupstað við Byggðasafnið. Þar eru sýndir dansar, tveir glímukappar taka sporið og flutt er íslensk þjóðsaga á ensku og nokkrar klassískar þulur. *– thelma@bb.is*

Silfurtorgið var þrifið hátt og lágt.

Rúmlega 80 kílóa lúða

Þýskir feðgar, Fred og Ralf Mayer veiddu stórlúðu á sjóstöng í síðustu viku. Lúðan vóg um 84 kg. og var 197 cm að lengd. Að sögn Matthiasar Brill, starfsmanns Sumarbyggðar, sem fór með feðgunum sem leiðsögumaður, voru feðgarnir mjög lukkulegir eftir að hafa komið ferlíkinu um borð í bátinn eftir langa viðureign. Þrettán bátar eru nú á vegum Sumarbyggðar í Súðavík auk þess sem fyrirtækið er með fimm báta á Tálknafirði og þrjá á Bíldudal í samstarfi við Eagle Fjord. Á meðf. mynd er Fred með lúðuna. Ljósm: Þórður Sigurðsson.

Verð á eldsneyti hefur ekki enn haft áhrif á ferðaþjónustuna

Hugsanleg fækkun á ferðalögum innanlands í sumar virðist ekki vera mikið áhyggjuefni hjá fólki í ferðaþjónustu á Vestfjörðum þrátt fyrir að verð á díselolíulítranum sé komið í tæpar 190 krónur. Árni Sigurpálsson, hótelstjóri á Bjarkalundi í Berufirði, er bjartsýnn á sumarið. „Ég hef trú á að það verði fækkun á íslenskum ferðalöngum vegna hækkandi olíuverðs. Hins vegar hefur lækkandi gengi krónunnar þau áhrif að dýrara er að ferðast erlendis, það er kannski von að það vegi upp á móti og hvetji fólk til að ferðast meira um Ísland.“ Að hans sögn hefur lækkandi gengi krónunnar einnig áhrif á erlenda ferðamenn og því sé engin ástæða til að vera svartsýnn. „Bókanir hafa gengið vel fyrir sumarið og það verður fullt hérna flestar helgar í sumar. Þetta eru þó aðallega erlendir ferðamenn sem bóka með miklum fyrirvara.“

Árni segir að vormánuðir og þá maí sérstaklega hafa verið mjög góðir og mikið um að vera, „Það var einhver aukning hjá okkur þegar verið var að taka upp Dagvaktina hjá okkur, fólk var forvitið og kíkti oft við. Einnig urðum við vör við fjölgun á fólki þegar Baldur var ekki að ganga yfir Breiðafjörðinn.“

Hjá Vesturferðum á Ísafirði fengust þær upplýsingar að bókanir í ferðir hafi gengið vel þrátt fyrir aukinn kostnað við að ferðast vestur á firði. „Bókanir hafa farið mjög vel af stað fyrir sumarið“, segir Gylfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Vesturferða. Hann tekur í sama streng og Árni og segir að það séu aðallega erlendir ferðamenn sem séu búnir að bóka, en þeir bóki oft með miklum fyrirvara og Íslendingar séu seinni til. Hann segir að hann hafi ekki orðið mikið var við fækkun ferðamanna vegna eldsneytishækkana, það kunni þó að breytast. „Það er auðvitað á hreinu að verð á eldsneyti er að hækka jafnt fyrir fólk í ferðamannabransanum og fólk á einkabílum. Því hlýtur að koma að því að menn neyðist til að hækka verð á ferðum til að standa straum af auknum kostnaði. Eldsneytishækkanir munu fyrr eða seinna hafa áhrif á alla keðjuna,“ segir Gylfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Vesturferða. *– nonni@bb.is*

Trén eru alltof mörg og því þarf að grisja.

Skógarhögg á Ísafirði

Skógræktarmenn gera fleira en að gróðursetja, því ekki er síður þörf á að grisja þegar þröngt er orðið um gróðurinn. Í Stóruurð á Ísafirði hafa þeir Brynjólfur Jónsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Einar Gunnarsson og Gísli Eiríksson unnið að því ásamt hjálparkokkum að höggva niður tré og flytja burtu. Ljósmyndari blaðsins kom við í urðinni og smellti nokkrum myndum af skógarhöggsmönnunum.

Og einhvern veginn þarf að koma trjábolunum í burtu.

Sextán sóttu um styrki

Sextán umsóknir bárust um styrki menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2008. Allir þeir sem starfa að lista- og/eða menningarmálum í Ísafjarðarbæ, einstaklingar, félagasamtök eða stofnanir, eiga möguleika á styrkveitingu samkvæmt nýrri stefnu menningarmálanefndar sem tók gildi um áramótin.

Þeir sem sóttu um styrki voru:

Act alone leiklistarhátíðin.

Aldrei fór ég suður.

Birgir Örn Sigurjónsson, (Bix).

Edinborgarhúsið, menningarmiðstöð.

Ferðaþjónustan Grunnavík ehf.

Dýrafjarðardagar á Þingeyri.

Gospelkór Vestfjarða.

Í einni sæng, sjónvarpsmyndin Eitur í æðum.

Kammerkór Ísafjarðar.

Litli Leikklúbburinn.

Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni.

Sunnukórinn á Ísafirði.

Tónlistarfélag Ísafjarðar.

Við Djúpið.

Þjóðbúningafélag Vestfjarða.

Þröstur Jóhannesson, Ísafirði.

Menningarmálanefnd heldur sérstakan fund þar sem umsóknir verða teknar fyrir og afgreiddar.

– thelma@bb.is

Leggja fram bótatillögur

Eins og fram hefur komið í fréttum mun Skeiðvöllurinn á Búðartúni í Hnífsdal þurfa að víkja fyrir nýjum vegi að fyrirhuguðum jarðgöngum til Bolungarvíkur og hafa samningaviðræður staðið yfir við hestamenn um bætur. Félagar í Hestamannafélaginu Hendingu hafa farið fram á það við Ísafjarðarbæ að þeim yrði bætt þetta tap. Á samningafundi milli Ísafjarðarbæjar og Hendingar þann 4. júní lagði Ísafjarðarbær fram tvö tilboð um bætur.

Fyrra tilboðið hljómaði svo að Ísafjarðarbær myndi bæta skeiðvöllinn í Hnífsdal með því að byggja nýjan skeiðvöll í Engidal eftir nánara samkomulagi um framkvæmdatíma og afhendingu. Seinna tilboðið var greiðsla upp á 24,7 milljónir króna, skipt niður í 3 ár, í samræmi við mat bæjartæknifræðings sem lagt var fram á fundi bæjarráðs 19. maí. Tilboðin voru gerð með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Fulltrúar Hendingar á fundinum óskuðu eftir forsendum á bak við upphæðina í seinna tilboði Ísafjarðarbæjar, 24,7 milljónir króna, og útskýringum á leiðréttingum frá kostnaðaráætlun Tækniþjónustu Vestfjarða sem var mun hærri.

– nonni@bb.is

Næg atvinna og iðngarðar að fyllast

Nú horfir í að fljótlega verði orðið fullsetið á iðngörðunum svokölluðu á Langeyri í Súðavík og að lítið sem ekkert framboð verði á atvinnuhúsnæði í bænum. „Við erum að klára 300 fermetra bil í neðra húsinu þar sem Stjörnubílar eru með aðstöðu. Í þeim hluta þar sem sprautuverkstæðið er til húsa kemur kattarfóðurverksmiðjan Murr, þetta er allt að gerast í þessum töluðu orðum“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík. „Það er verið að leggja lagnirnar og ég á von á að verktakinn steypi á næstunni. Núna erum við komnir í þá stöðu að það er að verða fullt í báðum húsunum.“

„Núna horfir í að það verði ekkert svakalegt framboð á atvinnuhúsnæði í Súðavík, sem er í sjálfu sér jákvætt. Staðan hjá okkur í bænum er þannig að það vantar starfsfólk í næstum öll fyrirtækin. Um daginn vantaði alla vega starfsfólk í harðfiskinn, beituna og í Sumarbyggð, þannig að það er næg atvinna í Súðavík“, segir Ómar Már.

Atvinnuleysi minnst á Vestfjörðum

Enn á ný mælist atvinnuleysi minnst á Vestfjörðum en svo hefur það verið undanfarna mánuði. Meðalfjöldi atvinnulausra á Vestfjörðum var 18 í maí eða 0,5% af áætluðum mannafla á Vestfjörðum en var 0,6% í apríl. Atvinnuleysi kvenna var 0,6% í maí eða sama og í apríl. Atvinnuleysi karla var 0,4% í maí en 0,6% í apríl. Atvinnulausir karlar voru níu í maí en 14 í apríl en atvinnulausar konur voru níu í maí en tíu í apríl. Á landsbyggðinni var atvinnuleysið mest 2,5% á Suðurnesjum.

Undirbúningur hafinn vegna nýrrar laugar

Hönnun á nýrri 25 metra sundlaug á Ísafirði er á undirbúningsstigi hjá umhverfissviði Ísafjarðarbæjar. Í bréfi frá Jóhanni B. Helgasyni, sviðstjóra umhverfissviðs, til umhverfisnefndar er óskað eftir afstöðu til nokkurra þátta er varða hugsanlega sundlaug, s.s. staðsetningar, hvort hún verði innan- eða utandyra og hvort líkamsræktaraðstaða verði fyrir hendi í nýja húsnæðinu. Að mati Jóhanns yrði Torfnes hentugasta staðsetningin á nýrri sundlaug og telur hann 25 metra innisundlaug með aðstöðu utandyra fyrir heita potta vænlegasta kostinn.

Ritstjórnargrein

Hvað nú, ráðherra?

Ef til vill kann að þykja ósanngjarnt að svo sé spurt. Þó er spurningin áleitin í framhaldi af því sem haft er eftir Elíasi Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Hvíldarkletts í Fréttablaðinu á sunnudaginn, að seinagangur í störfum nefndar á vegum sjávarútvegsráðherra sem ætlað er að móta starfsumhverfi þeirrar atvinnugreinar sem sjóstangaveiðin greinilega er orðin virðist ætla að ganga af henni dauðri. Vonandi er ótti Elíasar ástæðulaus.

„Strax í vetur komu fram tillögur um það hverning ætti að standa að þessu en nefndin er afar seinfær og ég óttast það mest að það verði búið að drepa okkur áður en nefndin kemst að niðurstöðu," segir Elías. Fyrirtækin í þessari grein eru að hans sögn alfarið háð kvótaleigumarkaðnum: „Það er afar lítið framboð á markaði. Það sem hægt er að finna er á uppsprengdu verði og það er hærra verð en við getum borgað."

Við mátti búast að þessari sjálfsbjargarviðleitni íbúa sjávarbyggða, sem stóðu bjargarlausir uppi í arfavitlausu kvótakerfi, væri misjafnlega tekið. Þannig hafa trillukarlar bent á að fyrirkomulag veiðanna hafi sprengt upp verðið á kvótaleigumarkaðnum og að veiðimennirnir sem hingað koma séu réttindalausir til að taka þátt í atvinnusjómennsku eins og stangaveiðin sé þegar hún er stunduð eins og tíðkast hjá Hvíldarkletti og Sumarbyggð hf í Súðavík. Þetta, meðal annars, kemur fram í viðtali við Hallgrím Guðmundsson, formann Framtíðar, samtaka sjálfstæðra í sjávarútvegi, á Vísi.is

Þótt skiptar skoðanir séu uppi um stöðu sjóstangaveiðinnar er síður en svo að trillukarlar séu andvígir atvinnugreininni. Þannig segir Hallgrímur í tilgreindu viðtali: „Nú er það ekki svo að við séum á móti þessum atvinnuvegi, öll atvinna og nýsköpun er eitthvað sem er algjörlega nauðsynleg í okkar þjóðfélagi. Við erum á móti því að þessi atvinnuvegur sé kvótasettur og keppi þar af leiðandi beint við atvinnusjómenn um kvótann undir nafninu frístundaveiðar. Á þetta var bent á sínum tíma fyrir vægast sagt daufum eyrum ráðamanna."

Liggur ekki hundurinn þarna grafinn? Hvað olli því að veiðarnar voru kvótasettar? Bað einhver um það? Eru einhverjar líkur á því að frístundaveiðar verði svo umfangsmiklar að þær kollvarpi kvótakerfinu og öllum útreikningum og líkönum Hafró? Varla!

Lokaorð Hallgríms Guðmundssonar á Vísi.is voru þau „að það hefði mátt standa að þessum málum á allt annan hátt." Er það ekki þungamiðja málsins? Nokkuð sem auðvelt er að laga. Eða stöndum við hugsanlega frammi fyrir því að braskið með óveidda fiskinn á silfurfatinu vegi þyngra en sá vaxtarbroddur í atvinnurekstri sem frístundaveiðin er orðin í sjávarplássum sem hart hafa orðið úti í kvótakerfinu?

Þegar allt kemur til alls er því í lagi að spyrja: Hvað nú, ráðherra?

s.h.

Á þessum degi fyrir 24 árum

Flugvél hlekktist á

Flugvél frá Flugfélagi Norðurlands með 7 manns innanborðs hlekktist á á Bíldudalsflugvelli í gærmorgun. Fékk vélin á sig hnút og lenti í niðurstreymi er hún kom yfir flugbrautarendann til lendingar að sögn flugmannsins og rakst þá vinstra hjól hennar niður og laskaðist. Rann flugvélin síðan 200 metra eftir flugbrautinni og skemmdist nokkuð en engan um borð sakaði. Flugvélin, sem ber einkennisstafina TF-JMG, var í beinu leiguflugi frá Akureyri til Bíldudals með sex iðnaðarmenn frá Akureyri. Heldur leiðinlegt veður var á leiðinni. Stakk hún sér niður í Patreksfjörð, flaug út fyrir nesið á milli fjarðanna og inn Arnarfjörð til Bíldudals. Ókyrrð var inn fjörðinn og gengu dimmir rigningarskúrir yfir að sögn flugmannsins, Baldurs Þorsteinssonar. Þegar vélin kom inn til lendingar á Bíldudalsflugvelli og var komin alveg að brautarendanum fékk hún á sig hnút og lenti í niðurstreymi, er rigningarskúr gekk yfir, með þeim afleiðingum að hún lenti fyrr en flugmaðurinn ætlaði. Þrem til fimm metrum frá brautarendanum er þverhníptur bakki og lenti hún með vinstra lendingarhjólið á honum, þannig að lagðist aftur. Skrúfan vinstra megin fór strax í jörðu og vængurinn skömmu síðar en flugmanninum tókst með bremsum og beygjum að halda henni á flugbrautinni, en eftir henni rann hún um 200 metra.

Framkvæmdaglaðir krakkar hafa byggt kofahverfi á Ísafirði.

Kofabyggð risin á Ísafirði

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir á nýopnuðum smíðavelli á Ísafirði og hafa nokkrir glæsilegir kofar risið á skömmum tíma. Um er að ræða tilraunaverkefni á vegum Ísafjarðarbæjar, Vestfirskra verktaka og Eimskipa. Framkvæmdaglaðir krakkar tóku hlé á verkum sínum er ljósmyndara blaðsins bar að garði og sýndu honum nýju húsakynni sín. Útsýnið er ekki af verri endanum en það er yfir Pollinn og Eyrina.

Krakkarnir njóta liðsinni ungmenna frá Vinnuskólanum frá kl. 13-16 virka daga en einnig geta þau leitað til starfsmanns Vestfirskra verktaka sem hefur aðsetur á verkstæði þeirra. Upphaf kofabyggðarinnar má rekja til þess þegar átta ára gömul stúlka, Karólín Þóranna Lárusdóttir, sendi bréf til bæjarstjóra og óskaði eftir lóð undir kofa. Bærinn ákvað að koma til móts við hana og aðra unga athafnamenn.

Völlurinn verður opinn allan daginn en aðstoð er hægt að fá á umræddum tíma.

– thelma@bb.is

Íslenski fáninn blakti við hún á kofa Friðriks Fannars Sverrissonar og Elvars Ara Kristjánssonar, en þeir hyggjast bæta við annarri hæð á kofa sinn.

Karólín Þóranna Lárusdóttir, fyrir miðju, átti stóran þátt í að kofabyggðin varð að veruleika en hún óskaði eftir lóð undir kofa við bæjaryfirvöld í vetur.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* · Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, símar 456 4694 og 863 7655, *halfdan@bb.is* · *Jón Gunnarsson, símar 456 4560 og 848 4847, nonni@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*.
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Von á gróðuraukningu á Vestfjarðamiðum

Nýjar mælingar hafrannsóknastofnunar sýna að styrkur næringarefna er hár norður af Vestfjörðum og því er von á gróðuraukningu á því svæði. Einnig kom þar fram að utan í landgrunnsbrúninni vestur af Látrabjargi var mikill gróður og greinilega farið að ganga á styrk næringarefna frá því sem mældist síðasta vetur. Árlegum vorleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar lauk í maílok en leiðangurinn, sem farinn var á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni, var hluti af langtímavöktun á ástandi sjávar, næringarefnum, gróðri og átu á hafsvæðunum við Ísland. Athuganir voru gerðar á alls 96 stöðvum í hafinu umhverfis landið, bæði á landgrunninu sjálfu og utan þess.

Færði sjúkrahúsinu 1,5 milljónir

Elísabet Jóna Ingólfsdóttir, oft kennd við Rauðamýri við Djúp, kom færandi hendi á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði í síðustu viku er hún færði sjúkrahúsinu eina og hálfa milljón krónur til minningar um foreldra sína þau Ingólf Jónsson og Guðbjörgu Torfadóttur. Ingólfur og Guðbjörg bjuggu lengst af í Hnífsdal. „Stofnunin og starfsfólk þakkar þann mikla vinarhug sem Jóna sýndi í verki“, segir á vef Fjórðungssjúkrahússins.

Bryggja smábátaeigenda sett á flot

Smábátaeigendur í Ísafjarðarbæ settu bryggju sína á flot í Sundahöfn fyrir stuttu. Sjósetningin er einn af árlegum sumarboðum á Ísafirði og geta nú unnendur siglinga í bænum farið að hlakka til að láta vindinn leika um hárið er þeir sigla um hið fagra nágrenni bæjarins.

Endurbyggingin hafin á ný

Framkvæmdir eru hafnar við Eyrardalsbæinn í Álftafirði eftir vetrarfrí. Eins og kunnugt er verður Melrakkasetur Íslands með aðsetur í bænum og er áætlað að framkvæmdum við endurbygginguna verði lokið haustið 2009. Í sumar verður lögð áhersla lögð á að klára húsið að utan auk þess að unnið verður í húsinu að innanverðu. Í framhaldinu verður farið í að vinna að uppsetningu safnsins og er áætlað að það verði opnað vorið 2010. Í setrinu verður aðstaða fyrir fræðimenn til að vinna að rannsóknum á íslenska melrakkanum ásamt aðstöðu til að fræða almenning um líf og hátterni þessarar merku skepnu.

Eyrardalsbærinn var byggður í lok 19. aldar og var veglegasta hús Álftafjarðar á þeim tíma. Húsið var innflutt frá Noregi og voru það norskir hvalfangarar sem reistu það. Húsið, sem er friðað þykir merkilegt fyrir margra hluta sakir, t.d. var rekið þar bakarí um árabil. Árið 2004 var haldið íbúaþing í Súðavík þar sem framtíð Eyrardalsbæjarins var rædd. Þar komu fram afar skiptar skoðanir, en niðurstaða fundarins varð sú að leita allra leiða til að lagfæra húsið. Undanfarin þrjú ár hefur fé verið úthlutað frá fjárlaganefnd Alþingis til að endurbyggja Eyrardalsbæinn, en framkvæmdir við húsið hófust árið 2006. *– thelma@bb.is*

Fyrst og fremst hugað að þeim sem hreyfa sig minnst

Jón Páll Hreinsson, formaður Héraðssambands Vestfjarða, og Sigríður Ragna Jóhannsdóttir hjá Heilsueflingu í Ísafjarðarbæ hafa undirritað samstarfssamning um verkefnið „Hreyfing fyrir alla“. Um er að ræða tilraunaverkefni á vegum heilbrigðisráðuneytisins, Lýðheilsustöðvar og Íþrótta – Ólympíusambands Íslands en markmið þess er að stuðla að aukinni hreyfingu fullorðinna og eldra fólks, með fjölgun tilboða á skipulagðri hreyfingu fyrir þessa hópa. Við val á verkefnum var ákveðið að huga fyrst og fremst að þeim einstaklingum sem hvað minnst eru að stunda reglulega hreyfingu og reyna að hafa áhrif á viðhorf þeirra í þá átt að gera markvissa hreyfingu hluta af daglegu lífi.

Verkefnin sem í boði verða í nafni Hreyfingar fyrir alla eru meðgönguleikfimi, púttnámskeið fyrir eldri borgara, stafgöngunámskeið, skipulagðar fjallgönguferðir í tengslum við Fjallapassann og námskeið í samvinnu við Vesturafl og Sjúkraþjálfum Vestfjarða. Á síðasta ári var HSV úthlutað fjármunum til að vinna að markmiðum Hreyfingar fyrir alla en samningurinn kveður á um að Heilsuefling í Ísafjarðarbæ muni sjá um skipulag og framkvæmd.

Jón Páll og Sigríður Ragna undirrita samninginn.

– nonni@bb.is

Tæplega milljón króna hagnaður

Tæplega milljón króna hagnaður var á rekstri eignarhaldsfélagsins Hvetjanda hf. á síðasta ári og nam eigið fé félagsins rúmlega 101 milljón króna um síðustu áramót. Þetta kom fram á aðalfundi félagsins sem haldinn var fyrir stuttu. Í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra kom fram að mikið er um fyrirspurnir til félagsins um mögulega aðkomu þess að margvíslegum fyrirtækjarekstri á Vestfjörðum. Ekki hafa allar fyrirspurnir þó endað með umsóknum, en samþykkt var að taka þátt í einu verkefni á síðasta ári, Fossadal ehf. á Ísafirði sem framleiðir Wish veiðihjólið sem vakið hefur athygli víða um heim.

„Unnið er að úrvinnslu fleiri verkefna sem gætu litið dagsins ljós á næstu mánuðum. Ljóst er að mikill áhugi er á starfssvæðinu fyrir nýsköpun og eflingu atvinnulífs og í ljósi þess telja stjórnendur félagsins að mjög mikilvægt sé að efla eigið fé þess verulega, enda ljóst að í mörgum tilvikum er smæð þess Þrándur í Götu við þátttöku í verkefnum“, segir í tilkynningu frá félaginu.

– halfdan@bb.is

Lítill samdráttur í þorski í maí

Lítill samdráttur varð í þorskveiðum Vestfirðinga milli áranna 2007 og 2008 ef eingöngu er litið til maímánaðar.

Í síðasta mánuði komu á land 1.900 tonn af þorski, eða 29 tonnum minna en á sama tíma í fyrra. Nemur samdrátturinn einungis um hálfu öðru prósentustigi sem þykir ekki mikið þegar litið er til niðurskurðar aflaheimilda. Aftur á móti voru ýsuveiðar talsvert minni í maí á þessu ári en í fyrra.

Í síðasta mánuði komu 708 tonn á land á móti 1.098 tonnum á sama tíma í fyrra og nemur samdrátturinn tæpum 36%. Steinbítsafli jókst aftur á móti mikið, var 435 tonn í maí í fyrra en 830 tonn í ár.

Til sölu

Til sölu er fasteignin Hafnarstræti 2, Ísafirði ásamt jarðhæð og hluta af kjallara fasteignarinnar að Silfurtorgi 1, Ísafirði. Um er að ræða verslunar- og skrifstofuhúsnæði ásamt íbúð á 3. hæð í fasteigninni Hafnarstræti 2, Ísafirði. Fasteignirnar eru við Silfurtorg og bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika.

Allar nánari upplýsingar um eignirnar gefa Björn Jóhannesson hrl. í síma 456 4577 og Gunnlaugur Jónasson í síma 456 3205.

Ferðaþjónusta í sveitasælunni

Anna Sigríður Ólafsdóttir hefur í hyggju að reka ferðaþjónustu ásamt manni sínum Úlfi Þór Úlfarssyni í Arnardal í Skutulsfirði og tengdaforeldrum. Þau hafa háleitar hugmyndir og segja möguleikana endalausa. Auk gistingar ætla þau að vera með veitingarekstur í uppgerðu fjósi og er stefnan tekin á að hefjast handa við það í sumar. Anna Sigríður, eða Annska eins og hún kallast í daglegu tali á Ísafirði, settist niður með blaðamanni og fór yfir hugsýn hennar. Eins og þeir sem þekkja til vita, þá kemur maður nú ekki að tómum kofanum hjá þeim hjónakornum hvað varðar hugmyndir.

„Hugmyndin er sú að byggja upp ferðaþjónustu í dalnum með tjaldsvæði og veitingastað í fjósinu sem við höfum gert upp auk þess sem við stefnum að því að byggja smáhýsi í torfbæjarstíl. Smáhýsi eru að verða mjög vinsæl á landsvísu. Við Íslendingar viljum svo mikið vera út af fyrir okkur. Svo er það nú þannig að sérrými með baðherbergi á frjálsum markaði eru ekki á hverju strái hér á svæðinu. Þegar ég er á ferðalögum þá vil ég hafa mitt rými og algjörlega hafa klósett inni á herberginu. Svo vill ferðafólk í síauknum mæli vera út af fyrir sig, hvort sem það er í bústað eða tengivögnum, en samt hafa aðgang að góðri þjónustu.

Hugmyndin er að ferðaþjónustan verði rekin allan ársins hring. Á sumrin munum við sinna ferðamönnunum en á veturna er hugmyndin að vera með ýmiskonar viðburði og námskeiðahald. Þá sér í lagi mannræktarnámskeið hverskonar sem eru mikið hugðarefni hjá mér, ég sé fyrir mér að hér gæti verið eins konar mannræktarsetur á veturna.

Enn ein hugmyndin er okkar eigin angi af húsdýragarðinum þar sem börnin geta komið og skoðað íslensk húsdýr.

Það er verið að leggja reiðveg úr Engidal í Arnardal og það verður mjög gaman að fá hestafólkið hingað. Hver veit nema það verði hægt að fara á hestbak hérna í framtíðinni. Í dalnum býr einnig Vestfjarðagoðinn yfir sumarmánuðina og í kringum sólstöður eru haldin sumarblót við Skatnavör að heiðnum sið.

Við höfum upp á margt að bjóða og hugmyndirnar eru margar og mér finnst frekar skrítið að tala um þetta því þetta enn svo mikið einhverskonar á draumstigi. Hugmyndin er skýr en það á eftir að hrinda í framkvæmd. En ég hef mikla trú á þessu og trúi að þetta eigi eftir að blómstra og verða að einhverju stóru og flottu.“

Eins og að búa í regnskógi

„Það eru heilmiklir möguleikar í ferðaþjónustunni sem fer vaxandi og felur í sér sóknarfæri fyrir okkur hér vestra, en við höfum verið að fá mjög lítinn hluta af kökunni þegar kemur að erlendum ferðamönnum. Íslendingum á ferð um landið með tengivagnana sína fer fjölgandi og við stefnum á að vera með mikla þjónustu við þá.

Arnardalur er alveg stórkostlegur og annað sóknarfæri okkar er kvöldsólin sem við njótum hér. Það er mikið um það á sumrin að fólk taki rúnt í dalinn og fari í fjöruna eða á nesið og njóti þess að vera í sólinni. Staðsetning okkar er mjög góð upp á það að gera að við erum í alvöru sveit en jafnframt í tíu mínútna akstursfæri við Ísafjörð. Heimafólk getur því komið og notið þess að vera í sveitasælunni og næðinu án þess að leggja á sig langt ferðalag og fyrir ferðalanga sem koma og dvelja hjá okkur er stutt að fara til Ísafjarðar og nýta sér alla þá þjónustu sem þar er fyrir hendi.

Við höfum þessa stórfenglegu náttúru og mikið fuglalíf. Hver tegundin á fætur annarri hefur verið að renna í hlað síðustu vikur. Stundum líður mér eins og ég búi í regnskógi þegar ég heyri mismunandi fuglasöngva koma úr öllum áttum. Ég held að fuglaskoðun sé vannýtt sóknarfæri þótt það sé kannski erfitt koma sér á markað með það, þar sem það eru einna helst útlendingar sem við horfum til þar. En maður er að sjá góða hluti eins og hjá sjóstangaveiðimönnum þar sem Vestfirðingar eru að komast inn á markað sem er risastór.

Inn á svæðið erum við að fá mjög mikið af íslensku ferðafólki, hlutfallslega erum við að fá stóran hluta þeirra sem eru á ferð um land en eins og ég sagði áðan þá erum við enn sem komið er að fá mjög lítið brot af þeim erlendu ferðamönnum sem eru að koma inn í landið.“

Veitingarekstur í fjósi

„Ég legg áherslu á að geta boðið upp á heildstæða þjónustu og til að mynda er þetta kjörið fyrir ættarmót eða önnur mannamót þar sem þeir sem vilja geta verið í tjöldum en aðrir í smáhýsum. Svo gæti fólkið borðað saman í fjósinu og haft hlöðuna út af fyrir sig fyrir kvöldskemmtanir og annað slíkt sem er vinsælt þegar fólk kemur saman. Svo er Arnardalsætt ein stærsta ætt á landinu og ég myndi halda að það væri alveg kjörið fyrir þá ætt að hittast hér.“

– Hvernig hafa viðbrögð fólks verið við þessari hugmynd ykkar?

„Þau hafa verið mjög góð. Bæði við hugmyndinni að ferðaþjónustunni og eins við veislusalnum. Það er eiginlega ótrúlegt að fyrir ári síðan var þetta fjós. Við höfum einnig haldið nokkra viðburði eins og brúðkaupsveislu, grillveislu og óvissuferð og það hefur tekist mjög vel. Við tókum líka smá prufu á síðustu Veturnóttum þegar Svavar Knútur úr Hrauni og Mysterious Marta héldu tónleika í hlöðunni. Það var mjög gaman.

Við erum alltaf að bæta og betrumbæta en hingað til höfum við ekki verið viss um á hvaða hraða við vildum vinna þetta. En við stefnum ótrauð á að taka prufu í sumar. Ég vona að öll leyfi liggi fyrir um mitt sumar og þá getum við hafið veitingareksturinn og opnað hluta tjaldsvæðisins. Svo myndi ég vilja byrja á fullu trukki næsta sumar. Ég fer bara með bænirnar mínar að það megi verða. Íslenskt efnahagslíf hefur tekið breytingum á stuttum tíma sem gerir það að verkum að maður er ekki eins fullur sjálföryggis þegar kemur að fjármögnun og maður var bara fyrir hálfu ári síðan.

Ég fór í Brautargengi í vetur sem er nám fyrir konur með viðskiptahugmyndir, ég mæli með fyrir allar konur sem ganga með einhverjar hugmyndir í maganum að skella sér á svona námskeið þegar það býðst. Þetta var mjög lærdómsríkt og alveg svakalega gott fyrir konu eins og mig sem hefur alltaf tekið á að þurfa að kljást við tölur og raunveruleika viðskipta. Mér fannst það hljóma ógnvænlega að þurfa að gera viðskiptaáætlun. En þetta er alveg ótrúlega hagnýtt nám og ég er komin með í hendurnar mína eigin viðskiptaáætlun sem ég gerði sjálf. Það er alveg ótrúlega góð tilfinning sem fylgir því.“

Draumur um mannræktarsetur

„Það eru komin þrjú ár síðan við hjónin keyptum Heimabæ í Arnardal ásamt tengdaforeldrum mínum og við höfum alltaf haft þær hugmyndir að fara út í ferðaþjónustu. Ég átti mér gamlan draum um mannræktarsetur og við Úlfur höfum ætlað okkur að eignast sveit og gera þar einhverja skemmtilega hluti alveg frá því er við kynntumst. En ég verð að viðurkenna að ég er hreinlega feimin við að hrinda hugmyndunum í framkvæmd. Þetta eru náttúrulega mörg framandi skref sem þarf að taka. Ég held að það sé þó mjög gott að vera ekki að flýta sér of mikið og vera alltaf með jörðina undir fótunum. Þess vegna ætlum við að taka smá prufu í sumar og fá tilfinninguna fyrir þessu.

Ég ætla sjálf að vera að elda í sumar og finnst það vel við hæfi að húsfreyjan á bænum sinni því hlutverki, ég hef

Vill að lóðin næst Hólsá verði tekin undir ferðaþjónustustarfsemi

Hafnarstjórn Bolungarvíkur vill láta afmarka ferðaþjónustusvæði í tengslum við höfnina og önnur athafnasvæði. Einnig er gert ráð fyrir að strandsiglingar hefjist aftur og því er skipulagt fjölnotahús á Brjótnum. Þetta kemur fram í umsögn hafnarstjórnar Bolungarvíkur vegna aðalskipulags Bolungarvíkurkaupstaðar 2008 til 2020.

„Höfnin og athafnasvæði hennar hafa tekið umtalsverðum breytingum í áranna rás. Starfsemi hefur einnig breyst mikið. Útflutningur sem var einn af hornsteinum hafnarinnar hefur að mestu lagst af og umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í aflabrögðum og hefur haft áhrif á rekstur hafnarinnar. Farþegaflutningar hafa aukist mikið undanfarin ár og er ljóst að farþegaflutningar yfir í Jökulfirði og yfir á Hornstrandir og hugsanlega frístundaveiðar munu gegna veigameira hlutverki í rekstri hafnarinnar í framtíðinni“, segir í umsögninni.

Greint er frá því að unnið hefur verið að skipulagstillögum sem snúa að einstaka þáttum hafnarsvæðisins:

a) Gert er ráð fyrir að strandsiglingar hefjist aftur og því er skipulögð frystigeymsla/fjölnotahús m.a. fyrir beitningarmenn norðanmegin á Brjótnum.

b) Afmarka ferðaþjónustusvæði í tengslum við höfnina og önnur athafnasvæði. Ferðaþjónustu í höfninni er ætlað svæði í kringum árósa Hólsárinnar.

c) Halda áfram uppbyggingu Hafnargötunnar í anda þess sem gert hefur verið.

d) Stefnt að því að tengja hafnarsvæði við aðstöðu á Grundum þannig að ekki þurfi að keyra í gengum bæinn með afla. Líklega verður þetta komið í gagnið sumarið 2007.

e) Landfylling við Grundagarð samkvæmt aðalskipulagstillögu frá 1980.

f) Gerð verði ferjubryggja fyrir Jökulfjarðasiglingar. Miðstöð þeirra verði í Bolungarvík. Á hafnarbakka verði byggð aðstaða til að taka á móti ferðamönnum – salernisaðstaða o.fl.“

Hafnarstjórn vill árétta að samkvæmt núgildandi deiliskipulagi fyrir höfnina er reiknað með brú yfir Hólsá við ósa árinnar. Þá er reiknað með tengingu hafnarsvæðisins með akbraut frá Brimbrjót að Grundargarði. Allri umferð sem tengist höfninni verður beint á þá tengibraut fremur en inn í bæinn. Reikna má með að talsvert ónæði fylgi þeirri umferð, sérstaklega næst brautinni. Því setur hafnarstjórn spurningamerki við staðsetningu svefnskála svo nálægt athafnasvæði hafnarinnar. „Full ástæða er til að gera umsækjendum grein fyrir þessum þætti, þar sem þær hugmyndir sem settar eru fram af umsækjanda virðast ekki taka tillit til þessa. Hafnarstjórn er meðmælt því að lóðin næst Hólsá sé tekin undir ferðaþjónustustarfsemi, en leggur til við umhverfismálaráð að sett sé fram heildstæð tillaga um hvernig þjónusta við ferðamenn eigi að vera við höfnina og hvernig megi tryggja að allir ferðaþjónustuaðilar sem þess óska eigi að henni aðgang“, segir í umsögn hafnarstjórnar.

– thelma@bb.is

Vilja að lokið verði við lóðaframkvæmdir

Stjórn Edinborgarhússins á Ísafirði hefur óskað eftir svari frá umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar um það hvort boðnar verði út lóðaframkvæmdir við húsið á þessu ári eða því næsta. Bréf frá stjórninni var lagt fram á fundi umhverfisnefndar og í því kemur meðal annars fram að framkvæmdum utanhúss fer senn að ljúka og það sé farið að „sóma sér vel sem eitt helsta kennileiti Ísafjarðarbæjar“. Það sé því miður að lóðin í kring sé ekki fullkláruð nema að hluta til og að öllum frágangi við Aðalstræti og Pollgötu sé ólokið.

Í bréfinu segir einnig að Edinborgarhúsið finni fyrir miklum þrýstingi frá bæjarbúum til að halda svæðinu í kring snyrtilegu, en við núverandi aðstæður sé það ómögulegt. Handtína þarf t.d. sígarettustubba og glerbrot sem safnast þar um helgar upp úr malargrús sem sett hafði verið við húsið sem bráðabirgðaúrræði.

Mat umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar er að brýnt sé að ljúka frágangi lóðarinnar og að erindið verði tekið upp við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009.

– nonni@bb.is

Enn hefur ekki verið lokið við frágang á lóð Edinborgarhússins.

„Við gerum við fleira en dekk“

Guðmundur Einarsson og samstarfsmenn hans á Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar fengu á laugardagsmorgun óvænta hjálp við auglýsingagerð frá gárungum í bænum. Á hurð fyrirtækisins hafði verið hengd kynlífsdúkka með orðunum „við gerum við fleira en dekk“. Skiljanlega vakti auglýsingin mikla athygli bæjarbúa. „Þetta voru einhverjir sem maður heldur að séu vinir sínir“, segir Guðmundur. „Þeir sömu eru búnir að rífa hana niður núna. Það voru kannski einhverjir hneykslaðir á þessu, en aðrir tóku þessu sem gríni. Í það minnsta fór þetta ekki í mínar fínustu“, segir Guðmundur. Hann segist aðspurður aldrei hafa verið beðinn um að gera við kynlífsdúkku. Svo gæti þó farið að viðskipti af því tagi berist nú verkstæðinu, sem að sjálfsögðu ræður við slíkar viðgerðir eins og aðra gúmmívinnslu. *– halfdan@bb.is*

Vantar förgunarúrræði

Öll förgun úrgangs í sjóinn og/eða fjörur er óheimil samkvæmt lögum um verndun hafs og stranda. Guðmundur S. Einarsson beitningamaður hafði samband við blaðið og vildi benda á að úrgangur sem hann sást kasta í hafnargrjótið hafi ekki verið slóg eins og látið var að liggja í frétt vefjarins, heldur síli sem væri samstundis étið upp til agna af fuglum. Aðspurður um málið segir Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri að úrgangsförgun á Ísafirði hafi ekki komið mikið inn á sitt borð. „En það er algjörlega bannað að farga úrgangi í sjóinn, hvort sem það er afbeitning eða slóg. Ef það eru einhver brögð að því, þá er það á verksviði Heilbrigðiseftirlitsins að eiga við það“, segir Guðmundur.

„Vandamálið hefur verið að það eru ekki til nein förgunarúrræði fyrir menn, og á meðan svo er þá kemur ekki á óvart að lögin séu brotin. Hins vegar væri hægt að milda áhrifin með því að koma fiskúrgangi í lóg þar sem ekki er verið að pirra fólk og við höfum horft í gegnum fingur okkar með það ef það er ekki gert í alfaraleið. Þetta er ekkert eitur og við gerum okkur grein fyrir því að hringrásin sér um þetta.“

Eins og sést er engu slógi hent þarna eins og gefið var í skyn í síðustu viku í BB, heldur sílum.

reyndar í hyggju að bjóða til mín gestakokkum. Við erum alveg heilluð af murikka pönnum sem Steini kokkur í Netagerðinni er að selja og ætlum að bjóða upp á svokölluð murikkakvöld þar sem verður boðið upp á eitthvað góðgæti af gaspönnunum finnsku. Svo erum við með stórt grill sem húsbóndinn í Arnardal hlóð sjálfur það er skemmtilegt að nota það í grillpartýum. Við á stefnum svo á eins og allavega eitt hlöðuball í sumar, svona ekta sveitaball. Hlaðan okkar er alveg hrá og ótrúlega töff og þar getur skapast rosalega skemmtileg stemmning.“

– Er ekki ferðamannastraumur til Vestfjarða alltaf að aukast?

„Jú, ef miðað er við gistinátttatölur hefur þeim fjölgað um 11% á ári. Á síðustu átta árum í Hagstofutölum hefur gistinóttum hér fjölgað um 75% sem er engin smá aukning. Ég sé þetta þó engum ofsjónum þar sem ferðamannatímabilið hér er afar stutt og ég veit að þetta er heilmikið hark, þeir sem hafa verið í ferðaþjónustu á svæðinu hafa alveg þurft að hafa fyrir því að komast af. Þess þá heldur höfum við reynt að skoða alla möguleika sem við komum auga á til að geta starfað á ársgrundvelli.“

– thelma@bb.is

Besti grasrótarviðburður síðasta árs

Stóra púkamótið verður haldið á Ísafirði í fjórða sinn aðra helgi næsta mánaðar, eða dagana 11. og 12. júlí. Mótið hefst á Torfnesvelli á föstudegi og að leikjum loknum verður grillað í Tunguskógi ef veður leyfir, annars í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað. Á laugardag verður mótinu fram haldið og að því loknu verður veisla í Stjórnsýsluhúsinu með tilheyrandi verðlaunaafhendingum og skemmtunum. Aðstandendur mótsins þykja veðurglöggir með eindæmum og hafa gengið svo langt að lofa sól og 23ja stiga hita meðan á mótinu stendur. Þess má geta að mótið var á dögunum útnefnt af Knattspyrnusambandi Evrópu besti grasrótarviðburður ársins 2007 fyrir leikmenn í eldri flokki á Íslandi.



Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað.

Lítið um ferðamenn í Neðsta

Gestagangur í Byggðasafni Vestfjarða hefur ekki verið sérstaklega mikill það sem af er sumri. „Þetta hefur farið rólega af stað. Það kom eitt skemmtiferðaskip um daginn og um 300 manns með því. Evrópukeppnin í fótbolta setur ábyggilega strik í reikninginn eins og öll svona stórmót. Svo hefur veðrið ekki verið upp á sitt besta síðustu daga, en það stendur vonandi til bóta“, segir Björn Baldursson safnvörður.

„Það hefur nú verið einhver reytingur á hverjum degi. Mjög margir hafa komið að skoða harmonikkusafnið hans Ásgeirs Sigurðssonar. Í Turnhúsinu er brot af safni hans, restin er í geymslu. Í sumar verður reglulega skipt út nikkum og aðrar settar í staðinn.“

Safnið er opið alla virka daga frá klukkan 10-17 og um helgar frá kl. 13-17 í júní.

– halfdan@bb.is

Leggja til að framkvæmdaleyfi fyrir varnargarð verði veitt

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur leggur til að framkvæmdaleyfi vegna varnargarðs í Traðarhyrnu verði veitt. Á fundi ráðsins var lögð fram umsókn bæjarstjóra Bolungarvíkur fyrir hönd sveitarfélagsins um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda á 720 metra löngum og allt að 22 metra háum snjóflóðagarði ásamt gerð átta snjóflóðakeilna ofan garðsins. Áætlað er að keilurnar verði 12 metra háar og 40 metra breiðar. Umhverfismálaráð Bolungarvíkur telur framkvæmdina í samræmi við gildandi deiliskiplag. Ráðið hefur kynnt sér matsskýrslu um framkvæmdina og getur staðfest að hún sé sú sama og þar er lýst.

Umhverfismálaráð hefur einnig kynnt sér álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum varnargarðsins og tekur undir sjónarmið stofnunarinnar um að varnarmannvirkin komi til með að breyta ásýnd svæðisins til langframa, neikvæð áhrif af framkvæmdinni verði á landslag, sjónræn áhrif, uppkaup sex húsa og niðurrif þeirra. Ráðið telur að deiliskipulagið sýni að tekið hafi verið mið af þessu og að vandað hafi verið til landmótunar.

Námskeið í menningarlæsi

Tvö ný námskeið verða haldin í Fræðslumiðstöð Vestfjarða nk. laugardag, 21. júní, sem eru þau fyrstu í röð námskeiða sem hönnuð eru fyrir ferðaþjónustuaðila. Allir áhugasamir geta þó sótt um. Námskeiðin sem um ræðir eru menningarlæsi, sem er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um hvernig við skiljum fólk frá öðrum menningarsvæðum og hvernig það upplifir okkur, og svæðisþekking þar sem fjallað verður um sögu, menningu og umhverfi Ísafjarðar.

Í menningarlæsi verður fjallað um einkenni á ólíkri menningu og einkenni einstaklinga frá ólíkum menningarheimum, hvernig við Íslendingar erum, hvernig aðrir sjá okkur og hvernig við viljum að þeir upplifi okkur. Komið verður inn á tungumál og líkamstjáningu. Einnig verður fjallað um einkenni helstu þjóða sem koma til Vestfjarða. Leiðbeinandi er Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Svæðisþekking felur í sér að kynna staðhætti og örnefni í Skutulsfirði með Sigurði Pétursyni sagnfræðingi, sögu kaupstaðarins á Eyrinni og fólksins sem þar bjó og býr enn. Þá verður fjallað um þróun verslunar, útgerðar og byggðar í Ísafjarðarkaupstað, frá skútum til skutttogara. Jafnframt hvernig saga byggðarinnar, einstakra húsa og áberandi einstaklinga tvinnast saman.

„Ísafjörður er einn elsti kaupstaður landsins og var um aldamótin 1900 sá næst stærsti. Fjölbreytt félags- og menningarlíf hefur einkennt bæinn allt frá þeim tíma. Í Neðstakaupstað státar bærinn af elstu húsaþyrpingu á Íslandi. Á Tanganum er að finna heillegasta bæjarhluta frá tíma timburhúsanna, 1850-1920, sem finnst hér á landi. Þá eru á Eyrinni margar byggingar og mannvirki sem tengjast sögulegum atburðum og áhrifamiklum persónum í sögu landsins. Með því að tengja saman þekkingu á sögu bæjarins, einstakra húsa og þekktra einstaklinga kynnumst við betur bænum okkar og getum kynnt hann fyrir gestum sem sækja okkur heim“, segir í tilkynningu.

Námskeiðin eru ætluð öllum þeim sem eiga samskipti við fólk frá öðrum löndum, sérstaklega þeim sem koma að ferðaþjónustu á einn eða annan hátt svo sem leiðsögumönnum, starfsfólki gisti- og veitingastaða, starfsfólki safna, verslunarfólki, leigubílstjórum og rútubílstjórum.

Námskeiðin henta líka starfsmönnum fyrirtækja og stofnana.

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.

Kreppir að sjávarútvegi

Þjóðhátíðardagurinn er tækifæri til að staldra við, líta yfir farinn veg og hyggja að framtíðinni. Nú blasir við niðurskurður í sjávarútvegi og er þó kreppt að fyrir. Svo er komið að útflutningur áls skákar sjávarfangi, sem lengi hefur verið meginstoð útflutnings og stærsti einstaki þátturinn í fjáröflun þjóðarinnar. Bankar hafa farið geyst og eiga sér það eitt til vorkunnar að stór hluti þjóðarinnar lét glepjast af gylliboðum þeirra, sem nú koma í bakið á bæði skuldurum og sparifjáreigendum, sem ýmist greiða meira vegna skulda eða fá minna fyrir sparifé sitt.

Hvað hefði Jón Sigurðson sagt? Sennilega hefði hann ekki séð þessa þróun fyrir, að menn töpuðu sér í eftirsókn eftir heimsins gæðum, enda fátæktin alls ráðandi á tímum hans. Ljóst er að bakslag fjárfestingaæðisins verður flestum þungt, misjafnlega þó. En einhvern tíma mun taka að vinda ofan af. Flestir ættu að geta þolað nokkurn samdrátt, enda hefur mestu verið eytt í óþarfa. Ljóst er að atvinnurekstri er nokkuð þyngt með samdrætti á sama tíma og skuldir verða verri viðureignar vegna fjármagnskostnaðar og vaxta.

Það verður að segjast eins og er að ríkisstjórnir eru ekki saklausar með öllu. Hvernig datt stjórnmálmönnum í hug að ýta undir að vörubílar yrðu heimilisbílar svo sem raunin hefur orðið með pallbílavæðingu landans? Dýrir og óhentugir bílar fá þá meðferð að lækkuð eru á þeim innflutningsgjöldin og fólk missir skynsemina og kaupir þessa bíla til að skutlast á í vinnuna og sumarbústaðinn. Svo stórir reyndust sumir þeirra að börnin á heimilinu höfðu ekki ökuréttindi á slíka vörubíla.

Ef þetta er ekki glöggt dæmi um það að stjórnmálmenn tapa athygli og skynsemi, þó tímabundið sé, verður vandfundin verri vitleysa. Engin opinber stefna er til, að því er best verður séð, sem ýtir undir skynsemi varðandi orkunotkun. Vörubílavæðing heimila er æpandi dæmi um það að aðalatriði hafa týnst í heimi stjórnmálmanna.

Hver er staða sjávarútvegs nú? Orkukostnaður hækkar, afli minnkar og markaðir kunna að tapast vegna þess að framboð fisks minnkar. Hafi einhvern tíma þurft að grípa til aðgerða er það nú. Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnar eru góð tilraun, en hversu lengi duga þær verði það niðurstaðan að stöðugt verði aflaheimildir skornar niður?

Boðskapur ráðamanna á þjóðhátíðardagi Íslendinga verður krufinn og brotinn til mergjar og þess beðið með eftirvæntingu hvernig takast skal á við vanda sjávarútvegs á Íslandi. Þessi merka stoð hefur veikst og við höfum fundið fyrir því Vestfirðingar og viljum sjá nýjan kúrs ríkisstjórnar og Alþingis líkt og búast hefði mátt við af Jóni Sigurðssyni forseta. Gleðilega þjóðhátíð.

Góð aðsókn að MÍ

Skráningum fyrir haustönn Menntaskólans á Ísafirði er lokið. Að sögn Friðgerðar Ómarsdóttur, áfangastjóra Menntaskólans á Ísafirði, er útlitið bjart fyrir næsta skólaár. „Við höfum fengið um 86 umsóknir frá nemendum sem ekki voru í fyrra. Við eigum von á um 60 nýnemum, en restin eru nemendur sem hafa tekið sér frí og eru að byrja aftur“, segir Friðgerður. Í heildina er von á um 300 nemendum á næsta skólaári, sem er svipaður fjöldi og í fyrra.

Tékknest sýning á Act Alone

Einleikjahátíðin Act alone verður haldin í fimmta sinn á norðanverðum Vestfjörðum dagana 2. - 5. júlí. Hátíðin verður einkar glæsileg í ár en á þriðja tug atriða, fyrirlestra og námskeiða eru á dagskrá, þar á meðal þrjár erlendar sýningar. Ein þeirra er tékkneska sýningin Fragile eftir Krepsko og Darinka Giljanovié. Að sögn heimasíðu Act alone, www.actalone.net, er Fragile sjónrænt leikverk í sífelldri þróun, þar sem fylgst er með leikpersónunni Laura úr verkinu Glass Menagerie eftir Tennesse Williams. „Laura leiðir okkur í gegnum sitt brothætta umhverfi og hugarástand í þrúgandi þögn, þar sem nýir og óvæntir atburðir hafa miklar afleiðingar í för með sér“, segir í tilkynningu.

Ísafjarðarbær styrkir fjáröflunarátakið „Á allra vörum“

„Á allra vörum“ er kynningar- og fjáröflunarátak sem hefur að markmiði að leggja Krabbameinsfélaginu lið við að safna peningum til kaupa á nýju tæki til greiningar á brjóstakrabbameini. Fjármunum verður safnað með því að selja bleikan varagljáa (gloss) frá Yves Saint Laurent merktan átakinu. Hver varagljái kostar 2.000 krónur en allur ágóði af sölunni rennur til styrktar Krabbameinsfélagins. Ísafjarðarbær hefur ákveðið að styrkja átakið með kaupum á 50 stykkjum af varagljáanum.

Í síðustu viku afhenti Ísafjarðarbær, Krabbameinsfélaginu Sigurvon á Ísafirði, þessa varagljáa til að félagið geti selt þá og aflað fjár til sinnar mikilvægu starfsemi. Þannig nást fram tvöföld áhrif af styrk Ísafjarðarbæjar, fyrst með stuðningi við átakið „Á allra vörum“ og svo aftur með stuðningi við Krabbameinsfélagið Sigurvon. Styrktaraðilar átaksins „Á allra vörum“ eru Heildverslun Halldórs Jónssonar, Saga Boutique og Flugfélag Íslands. – *nonni@bb.is*

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, afhendir Sigurði Ólafssyni, formanni Krabbameinsfélagsins Sigurvonar, varagljáann.

Gæti sett strik í reikninginn

Kulda og bleytutíð eins og var á Vestfjörðum fyrir stuttu gæti valdið búsifjum hjá geitungum og öðrum skordýrum. Gunnar Sigurðsson hjá Náttúrustofu Vestfjarða segist þó þurfa nokkra góða daga til að sjá hvernig pöddurnar ná sér aftur á strik eftir kuldakastið. „Ég er búinn að taka tvö geitungabú í garðinum hjá mér og ná þremur drottningum, en það eru ennþá eftir dýr sem eru flögrandi. Svona bleytutíð gæti samt slegið þau eitthvað út af laginu“, segir Gunnar.

„Fyrr í vor virtust hunangsflugurnar bara leggjast í dvala þegar það kólnaði og náðu sér svo upp aftur. Maður þarf 2-3 góða daga til að sjá hvernig flugurnar jafna sig. Það hafa komið ár þar sem maður reiknar með að þurfa að ganga í hlífðargalla og með net, en svo hefur nánast ekkert orðið úr geitungunum. En ég vil bara biðja fólk um að umgangast geitunga með virðingu en ekki með paník eða skelfingu“, segir Gunnar. ***– halfdan@bb.is***

Geitungabú. Mynd: Grétar Sigurðsson.

Markmiðið að gera Ísafjarðarbæ hreinan og fínan

Starfsemi Vinnuskólans í Ísafjarðarbæ er komin á fullt eins og bæjarbúar ættu að hafa orðið varir við. „Við erum með góða starfsmenn sem inna verkefnin vel af hendi. Markmiðið er auðvitað að gera Ísafjarðarbæ hreinan, fallegan og fínan. Við byrjuðum á því að fara í ruslatínslu og hefur hún gengið vel“, segir Helga Margrét Marzellíusardóttir, yfirflokkstjóri Vinnuskólans. Ruslatínslu var lokið á Ísafirði, Þingeyri og Flateyri fyrir helgi og á Suðureyri í byrjun vikunnar.

„Aftur á móti sjá krakkarnir vel hversu illa hefur verið gengið um sl. helgi þar sem það var um klukkutíma verk á mánudagsmorgun að ruslhreinsa miðbæ Ísafjarðar eftir helgina. Við vonumst til þess að vinna Vinnuskólans virki hvetjandi á fasteigna- og fyrirtækjaeigendur og allir fari í það að taka til hendinni svo heildarútkoman verði sem glæsilegust“, segir Helga Margrét.

„Til að viðhalda fjölbreytileika í starfi höfum við reynt að skipta sérverkefnum sem mest á milli krakkanna en finnum að á rigningardögum væri fínt að hafa eitthvað skapandi fyrir stafni fyrir þá sem vinna í almennri deild. Því leitum við til bæjarbúa eftir afgangsgarni og flísum sem við getum þá notað í allskyns verkefni. Við viljum láta gott af okkur leiða og það er aldrei að vita hvað gæti komið út úr þessari vinnu hjá okkur“, segir Helga Margrét.

Öllum ábendingum um verkefni eða það sem betur mætti fara er vel tekið í Vinnuskólanum. Einnig getur fólk ennþá haft samband vilji það fá Vinnuskólann til að taka til hendinni í einkagörðum. Sími Vinnuskólans er 450-8051.

– *thelma@bb.is*

Starfsmenn (eða nemendur) Vinnuskólans

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Aðalstræti 16, Ísafirði
Uppgert timburhús við miðbæinn, tvær íbúðir og bílskúr samtals 267 m². Einnig er verslun, verkstæði og bílskúr til sölu, samtals 200,5 m².
Tilboð óskast

Þuríðarbraut 8, Bolungarvík
Einbýlishús úr timbri 160,9 m² með áföstum 32,5 m² bílskúr, samtals 193,4 m². Fjögur svefnherbergi.
6.800.000,-

Aðalstræti 20, Ísafirði
93,5 m² þriggja herbergja risíbúð á í 4.hæð fjölbýlishúsi í miðbæ Ísafjarðar. Ný eldhúsinnrétting.
12.900.000,-

Mjallargata 6, Ísafirði
Fjögurra herbergja íbúð á efri hæð, þrjú svefnherbergi, húsið nýlega klætt að utan og þak er nýlegt.
7.900.000,-

Urðarvegur 78, Ísafirði
77,9 m² tveggja herbergja íbúð á 2. Hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi, byggðu 1985 úr steinsteypu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á 1. Hæð. Eldhús og baðherbergi nýlega uppgerð.
9.900.000,-

Túngata 20, Ísafirði
53 m² tveggja herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi, geymsla í sameign, sólpallur í garði.
6.500.000,-

Sundstræti 22, Ísafirði
Tveggja herbergja íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi, samtals um 67,8 m². Sameiginlegur inngangur á jarðhæð.
6.500.000,-

Aðalstræti 1, Þingeyri
83 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, þrjú svefnherbergi.
5.000.000,-

Stórholt 11, Ísafirði
Þriggja herbergja íbúð á annari hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Íbúðin er 65.9 m² og geymsla í sameign er 5,2m², nýtt baðherbergi.
5.300.000,-

Aðalstræti 16, Bolungarvík
Ath einnig til leigu. Forskalað einbýlishús úr timbri með steyptum kjallara, 500 m² eignarlóð fylgir.Húsið stendur við aðalgötu bæjarins.
Tilboð óskast

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar

Fyrsta söguskiltið afhjúpað

Fyrsta söguskiltið af ellefu sem byggt er á Gísla sögu Súrssonar var afhjúpað í Dýrafirði á fimmtudag í síðustu viku. Skiltið var afhúpað á Gemlufallsheiði á þeim stað er Vésteinn mælti þau fleygu orð „Nú falla vötn öll til Dýrafjarðar“. Á næstu dögum og vikum verða önnur sambærileg skilti sett upp við þjóðveginn á Vestfjörðum, allt frá Önundarfirði suður í Reykhólasveit. Skiltunum sem eru myndskreytt og með texta á þremur tungumálum er ætlað að minna á staðbundna merka atburði úr sögunni. Við hvert skilti standa tréskúlptúrar í víkingastíl. Markmið þessa verkefnis, sem hefur verið í undirbúningi í nokkur ár, er að styrkja stöðu Vestfjarða sem sögusvæði á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.

FOS-Vest opnar nýjan vef

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum hefur opnað nýja vefsíðu. „Með henni vonumst við til að geta betur þjónað félagsmönnum okkar með upplýsingum og fréttum af starfinu“, segir á nýja vefnum. Það er fyrirtækið Netheimar á Ísafirði sem hafði veg og vanda að gerð síðunnar. Síðan var tekin formlega í notkun 3. júní en enn er unnið að því að uppfæra hana. Síðuna er að finna á slóðinni fosvest.is.

Gunnar hinn gamli fer í afleysingar

Tvíburaskipin og alnafnarnir Gunnar og Gunnar Friðrikssynir hafa legið saman við bryggju frá því sá nýrri kom til hafnar á Ísafirði í mars.

Aðspurður um væntanleg örlög Gunnars hins eldri segir Haraldur Júlíusson, formaður Björgunarfélags Ísafjarðar, að til hafi staðið að selja hann en þau áform hafi að líkindum breyst. „Nú stendur til að hann fari í afleysingar á Rif á Snæfellsnesi, en báturinn þar þurfti að fara í viðgerð. Í framhaldinu vitum við ekki annað en að Gunnar hinn eldri verði notaður sem varabátur fyrst um sinn“, segir Haraldur.

Til stendur að skipta um nafn á bátnum áður en hann fær hið nýja hlutverk. Björgunarbátasjóður Vestfjarða, sem Björgunarfélag Ísafjarðar rekur, á Gunnar hinn nýja en Slysavarnarfélagið Landsbjörg tók Gunnar hinn gamla upp í kaupin.– *halfdan@bb.is*

Tvíburaskipin Gunnar og Gunnar Friðrikssynir hafa legið saman við bryggju frá því sá nýrri kom til hafnar á Ísafirði í mars.

Langadalsá opnar á laugardag

Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi var opnuð fyrir laxveiði í síðustu viku. Rúmlega 300 laxar höfðu verið dregnir á land er laxveiði lauk í ánni síðasta haust. Er það svipaður fjöldi og árið áður en nærri hundrað fleiri laxar voru veiddir í ánni árið 2005. Langadalsá verður opnuð á laugardag en þar veiddust 228 laxar í fyrra sem var heldur minna en árið áður. Í Hvannadalsá veiddust á milli 130-140 laxar. Þess má geta að allar þrjár laxveiðiárnar í Djúpi urðu fyrir barðinu á miklum þurrkum síðasta sumar og voru þær orðnar heldur vatnslitlar er líða tók á lok veiðitímabilsins í ágúst, svo spurning er hvort það hafi haft áhrif á veiðina.

Með innilegt þakklæti í huga

Minningarskjöldur um Sæbjörn Jónsson (Bubba) var afhjúpaður í kirkjugarðinum í Hnífsdal þann 31. maí. Sæbjörn lést árið 1999, rétt tæplega 22ja ára að aldri. Ingunn Björgvinsdóttir, móðir Sæbjörns, vill koma á framfæri innilegu þakklæti til Hnífsdalspúka sem létu gera skjöldinn og setja upp á sameiginlegu fermingarafmæli sem haldið var á dögunum.

„Ég, Ingunn Björgvinsdóttir, vil þakka af alhug og allri dásemd, þeirri fallegu hugsun og framtakssemi, að setja upp minningaskjöld um son minn og vin ykkar, Sæbjörn Jónsson - Bubba (f. 1977, d. 1999) í kirkjugarðinum Hnífsdal, á reunioninu ykkar 31. maí sl. Ég á engin orð til að lýsa þakklæti minu og veit einnig að þessi yndislegheit ykkar gáfu bróður hans, Björgvin og frænda hans, Björgvin Arnari mikið þessa helgi. Takk fyrir elsku hjartans „Hnífsdalspúkar“, þetta snart mig alveg inn að hjartarótum, þið eruð og verðið alltaf yndislegu börnin. Og hvar annars staðar ætti að vera minningaskjöldur um Bubba, hann elskaði jú ykkur og Hnífsdal og það geri ég líka elskurnar litlu. Hjartans, hjartans þakkir um leið og ég óska ykkur öllum alls hins besta, þetta var ómetanlegt og dásamlega falleg hugsun, takk fyrir það“, segir í orðsendingu frá Ingunni.

Björgvin Jónsson við minningarskjöldinn um bróður sinn Sæbjörn

Strætó er frír fyrir alla notendur

Undanfarna mánuði hefur eldsneytisverð hækkað ótrúlega mikið og ekki sér enn fyrir endann á þeim hækkunum. Þessar hækkanir hafa áhrif á nánast alla því langflestar fjölskyldur reka bifreiðar og vegur sá rekstur þungt í heimilisbókhaldinu. Þar eins og hjá fyrirtækjunum hafa flestir gjaldaliðir hækkað alltof mikið.

Lækkanir á gjaldskrám Ísafjarðarbæjar

Breytingar á gjaldskrám Ísafjarðarbæjar um síðustu áramót voru miðaðar við áætlaða verðbólgu ársins 2008. Verðbólgan er mun meiri en áætlað var, a.m.k. nú þegar árið er næstum



Halldór Halldórsson.

hálfnað. Hluti af gjaldskrám var þó ekki hækkaður heldur jafnvel lækkaður og kemur það fjölskyldum í Ísafjarðarbæ til góða.

Álagningarprósenta á íbúðarhúsnæði var lækkuð úr 0,45% í 0,41%. Leikskólagjöld voru lækkuð um 10% og fjórir tímar fríir fyrir 5 ára börn í leikskóla. Áfram er frítt í sund fyrir börn upp að 16 ára aldri í sund og gjaldfrjálst á skíðasvæðinu fyrir börn fædd á árinu 2000 og síðar.

Þessar breytingar á gjaldskrám bæjarins eru gerðar til að gera búsetu í Ísafjarðarbæ enn betri valkost. Þær vega á móti öðrum kostnaðarhækkunum hjá fólki. Hins vegar leggja þær enn ríkari kröfu á stjórnendur bæjarins um að hagræða í rekstri því tekjur bæjarins lækka vitanlega sem þessum breytingum nemur.

Frítt í strætó

Enn ein breytingin á gjaldskrám er sú að fella niður gjald í almenningssamgöngum Ísafjarðarbæjar. Frítt er fyrir alla notendur í strætó í Ísafjarðarbæ. Þetta er valkostur sem íbúar og aðrir notendur almenningssamgangna ættu virkilega að skoða þegar eldsneytisverðið hækkar sem mikið sem raun ber vitni. Áætlun vagnanna er á *www.isafjordur.is* undir þjónusta. Einnig er hægt að fá áætlunina á bæjarskrifstofunni og hún er auglýst á stoppistöðvum líka.

Það var ákveðið að hafa frítt í strætó allt árið 2008 og endurmeta þá ákvörðun að fenginni reynslu. Verði reynslan sú að íbúar Ísafjarðarbæjar hagnist á gjaldfrjálsum almenningssamgöngum má vænta þess að haldið verði áfram á þeirri braut. Fjöldi notenda er mælikvarðinn á það hvort þetta virkar eða ekki.

– Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

ÍSAFJARÐARBÆR

MATRÁÐUR Á SÓLBORG

Leikskólinn Sólborg auglýsir lausa stöðu matráðs. Um er að ræða 100% starfshlutfall. Vinnutími er frá kl. 08:00-16:00. Æskilegt er að viðkomandi sé sjálfstæður í vinnubrögðum, hafi frumkvæði, metnað og sé góður í mannlegum samskiptum. Sólborg er fjögurra deilda skóli með börn á aldrinum 1-6 ára.
Nánari upplýsingar veitir Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólastjóri í síma 450 8285, netfang: solborg@isafjordur.is.

Kraftur í kringum Ísland



Við styðjum Kraft í kringum Ísland og óskum ferðalöngunum góðrar ferðar

Akraneskaupstaður · Akureyri · LA Laugafell · Ljósco · Nortek · Örkin · Lindi ehf Ketilsbraut 13 640 Húsavík · Tikk Takk Takeaway · Arctic Trucks · Smiðandi Verktakar · Slippurinn Vestmannaeyjum · SPM · Toyota · Tálknafjörður · Vélaverkstæði Þór · Norðurál

Kraftur mun bjóða upp á bátsferðir á áfangastöðum áhafnarinnar á leið sinni í kringum landið. Einnig er hægt að kaupa sér ferðir á milli áfanga-staða, nánari upplýsingar er að finna á www.krafturikringumisland.com

Kraftur stoppar á Tálknafirði, Ísafirði og Bolungarvík 19. júní. Boðið verður upp á ferðir fyrir gesti og gangandi ef veður leyfir.

Akranes
Bjarnar ehf Hellubíll 2
Eiken á Íslandi/Marcels járniðnaðarmeist H.Sturlaugsson
Fortuna ræstiþjónusta, Merkigerði 20
Gleði og Kristján ehf, Jörundarholti 233
GT Tækni ehf, Grundartanga
Jón Þorsteinsson ehf, Kalmansvöllum 6
Rúnólfur Halfreðsson ehf, Krókatúni 9
Sjónarhóll/Sr. George Jarusson, Kirkjubraut 28
Verktakfélag Akraness, www.akraness.is/gus
Vesturlands ehf - hjólbarðaþjónusta, Suðurgötu 42
Vélaverkstæði Halldórs Sigurðssonar ehf, Smiðjuvöllum 10

Borgarnes
Bjarki Sufflói og Þorgerður, Borgarvík 12
Fimleikafélagið Húsafell ehf, Húsafelli 3
SÓ Húsbyggingar ehf, Litlu-Brekku
Smurbr. og bifreiðaverkstæðið Borgarnesi ehf, Sólbakka 5
Stafholtspylsukall, Stafholti
Sæmundur Sigmundsson ehf, Bráðræði
Hjólbarðaþjónustan Húsafelli ehf, Húsafelli 3

Stykkishólmur
Verktakfélag Stykkishólms, Nesgötu 2
Ámu Gíslasonar ehf, Borgarbraut 1

Grundarfjörður
Sæfarar Cecilson hf, Borgarbraut 1

Hólmasandur
KÓ-Fasteignir ehf, Melnesi 1
Kristinn SH-112, Háafelli 50
Nónvarða ehf, Bárðarási 8
Þórsnes SH-145

Búðardalur
Rafnet Búðardal ehf, Vesturbraut 20c

Reykhólahreppur
Steinar ehf, Reykhólum, Reykhólahreppi

Ísafjörður
Bílaþjónustan og vélsmiðja ehf, Sólgarðavegi 66
Bæjarsmiðjan/Sólgarðaverkstæði, Hafnarstræti 1
Ferðaþjónustan Hnjóti, Mjóafirði
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
H & B vélsmiðja ehf, Hafnarstræti 9-13
Ískalk ehf, Árnagötu 1
Klafi ehf, Grænagarði
Rafþjónustan Sigurðar ehf, Skeiðargötu 7
Skeljaskrín Gísladóttir, Kirkjubæ 2
Snæfjá ehf, Miðvangi 6
Stuðlaberg ehf, Hafnarstræti 20
Þrótur - Ormson, Smiðjugötu 8

Hólmavík
Verkfélagið Vestfjörðs, Hafnarbraut 7

Bolungarvík
Endurskoðun Vestfjarða ehf, Aðalstræti 10
Kóka ehf, Hlíðarvöllum 6
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17
Útgerðarfélag Bolungarvíkur ehf, Traðarstíg 13

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Flateyri
Sýna ehf, Ólafstúni 2

Suðureyri
Félagsheimilið Súgandafjörður, Þjóðgötu 2

Patreksfjörður
Albína vertún, Aðalstræti 89
Nanna ehf, v/Hafnarbraut
Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Tálknafjörður
Alf / Jónsum ehf, Móatúni 6
Bílaverkstæðið Tálknafirði, Strandgötu 40
Ek hf, Iðnmiðja, Strandgötu 27
Mikki ehf, Túngötu 44

Hrafnseyri
Elds Jóns ehf, Bakkagötu 21
Skjólvangur á Vestfjörðum, Aðalstræti 26

Staðar
Allrás verktakar hf, Grænuhlíðargötu 10
Verkalýðsfélag Hólmavíkur, Borðeyri

Hvammstangi
B. Ásvaldur Benediktsson ehf, Melavegi 2
Sæbakki / Islands ehf, Bakkagötu 3
Sláturhús KVH ehf, Norðurbraut 24
Tæknideild KVH ehf, Norðurbraut 32
Vélaverkstæði Hvammstanga ehf, Norðurbraut 32
Vélaverkstæðið Vélsmiðja ehf, Melavegi 11
Vélsmiðja Ágústsonar, Sporði

Blönduós
Bílaréttingar Húnaþings og Stranda, Hnjúkabraut 13
Grettir ehf, Sjúkrahúsinu, Þverbraut 1
Húnavatnssýsla, Húnavöllum
Samstaða, verkalýðsfélag, Þverholti 1

Skagaströnd
Vélaverkstæði Skagafarmur, Strandgötu 30

Sauðárkrókur
Bifreiðaþjónusta KÓM ehf, Víðihlíð 10
Fléttan ehf, Ljósheimar
Kaupfélag Skagfirðinga, Aðalgötu 1
Málningarþjónusta Norðurlands vesturs, Aðalgötu
Steinsteypir hf, Sykkjuvélarstöðum
Tæknideild Fjölnis ehf, Aðalgötu 21
Vélaverkstæðið Þór hf, Borgarteigi 4
Vörumiðlun ehf, Eyrarvegur 21

Varmahlíð
Ársmiðjan, Skagafirði

Siglufjörður
Fjallabyggð, Gránugötu 24
Hebrjóðsbrunn, Siglufirði, Hvanneyrarbraut 31-33

Akureyri
Baugsbót ehf, Lyftaraverkstæði, Frostagötu 1b
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf, Fjölnisgötu 2a
Bílaleiga ehf, Óseyri 16
Bryggja ehf, Aðalstræti 3
Dráttarbrautin Egill Jóhannsson ehf, Perlugötu 11
Eimgilsbakarí, www.eim.is, Skipagötu 14
Finna ehf, Fornagili 15
Fjör ehf, Lækjargötu 2A
Gistiheimilið Lónsá, Lónsá, Hörgárbyggð
Gröfuþjónustan Rétthollt, Svalbarðseyri
Hótel Varðborg, Varðborg
Hópferðir ehf, Móasíðu 4B
Ingólf ehf, Lónsbakka
Kvenfélagið Baldursbrá, Melasíðu 8b
Kaldbakur/Frost ehf, Fjölnisgötu 4b
Lykill ehf, Lækjargötu 6
Netkaffi og tónur ehf, Strandgötu 7c
Orkídeygarðurinn Augustsbú, Fnjóskadal
PA byggingarverktakar ehf, Draupnisgötu 7-11
Pálsson ehf, Eiðsvöll 14
Rafeyri ehf, Óseyri 6
Rafeyri ehf, Norðurgötu 5
Rafiðn ehf, Glerárgötu 34
Samskip ehf, Hafnarstræti 97
Segla ehf, Hafnarstræti 23
Sjómannafélagið Þórunn, Byggðavegur 101 b
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Stefán Hörðarson ehf, Tjarnarlundi 14
Tæknideild Rafiðnaðarsambands Íslands ehf, Kaupangi v/Mýrarveg
Upplýsingamiðstöðin BÍ Ventilake ehf, Kaldbaksgötu 10
Urðarmóður ehf, 462-4700, Furuvöllum
Öxi ehf, Hólmsíðu, Furuvöllum 15b

Dalvík
Gunnar Nielsson ehf, Miðgötu 15
Nikó, Jónsson ehf, Haugarnesi
Rjúpa ehf, Dalbraut 13

Ólafsfjörður
Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Bárugötu 8
Vélsmiðja Ólafsfjarðar hf, Múlavegi 2

Húsavík
Alli og Helga ehf, Baughóli 56
Fiskbúðin Ora ehf, Garðarsbraut 58
Raftæki ehf, Grundargarði 4
Rósa ehf, Stórholti 13
Skólafl Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 13
Trönn ehf, Garðarsbraut 50
Vá ehf, Hólsbúð

Laugar
Norðurþrif ehf, Laugaskóla, Reykjadal

Mjóafjörður
Kvenfélag Mjóafjarðarsveitar

Kópasker
Rörás ehf, Rörásvegi 5

Þórshöfn
Ferðaþjónusta bænda, Ytra-Álandi
Langanesbyggð v/Áhaldahúss, Fjarðarvegi 3
Verkalýðsfélag Þórshafnar, Langanesvegi 19

Vopnafjörður
Mamlat ehf, Hlíðvöllum 2
Ríkharðsbakarí Árna Magnússonar, Hafnarbyggð 1
Sæberg ehf, Vopnafirði

Egilsstaðir
Austfjarðaflutninga ehf, Kelduskógum 19
Eignaleigan hf, Lagarfelli 15
Hótel Egilsstaðir, Lagarfelli 1, Eiðisgegnt
Mötuneyti Brúnás ehf, Miðási 9
Mörkin ehf, Miðási 9
Ríkisútvarpið Austurlands, Lagarfelli 1
Rúnir Austurland ehf, Kaupvangi 20b
Samtún ehf, Kaupvangi 3a
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5
Ökuskóli Austurlands, Miðási 4a

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Mjóifjörður
Sigfús Vilhjálmsson, Brekku

Reyðarfjörður
AS, bókhald ehf, Austurvegi 20
Hótel Hérað ehf, Austurvegi 1
Rafmagnsverkstæði Árna ehf, Austurvegi 21
Verkalýðsfélag Austurlands, Árgerði 3

Eskifjörður
Eskja hf, Strandgötu, 39
Fiskmiðl ehf, Strandgötu 39
Rafnet ehf, Strandgötu 3
Tandraberg ehf, Hafnargötu 3

Neskaupstaður
Egilsbakarí ehf, Hafnargötu 27
Nesbær ehf, byggingavörulás, Nesbakka 2
Samvinnufélag útgerðarmanna, Hafnarbraut 8
Tónspil ehf, Urðarteig 37A

Fáskrúðsfjörður
Fáskrúðsfjarðarhöfn, Skólavegi 69
Tæknideildfs Ómars Lúcasi Hafsteinssonar, Ekkifelli og Fáskrúðsfirði

Breiðdalsvík
Héraðsbjörgunarsveitin Austurbrúnar, sjúkra, Ásvegi 31

Höfn í Hornafirði
Hornsjárhöfn, Hafnarbraut 27
Mikael ehf, Norðurbraut 7
Skinney - Þinganes hf, Krossey
Svæðisráð Hornafjarðar, Hafnarbraut 27

Öræfum
Félagsstöð Hnappavöllum 4, Hnappavöllum 4

Selfoss
Bakkavör ehf, Dverghólum 20
Bás ehf, Gagnheiði 1
Bifreiðaverkstæðið Kletti ehf, Hrísmýri 3
Fóðurnæsa, Hegranesi
Gámaeiningar og Þjónustuhúsnæði, Stjörnugötuhúsnæði

Borg
Guðnýjar ehf, Guðnýjar
Hlaðbær-Colas Grjótnæsa ehf, Hæð 3
Hraðbrauð ehf, Litlabæ
Hótel Hólar, Austurvegi 20
Jeppaverkstæði ehf, Lyngheiði
Jóhann Helgi og Co ehf, Vallarbraut 2
Lögmenn Suðurlandi ehf, Austurvegi 2
Mjólkurbúið ehf, Mjólkurbúið
Múr- og smíði ehf, Langholti 1a
Mörkin ehf, Stórmói 3
Nesey ehf, Suðurbraut 7 Grupsveitarvegi
Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17
Plastiðjan ehf, Dagmörk 17
Pylsuvagninn Selfossi, Bestu bitinn í bænum
Rafnorður og lagnir ehf, Smáratúni 20
Sveitahnossur - og Grillpylsuhnossur, Árnesi
Sorpstöð Suðurlands, Austurvegi 56
Sólvé Sveinsson, Dalbraut 1
Tæknideildfs Hafdísar Sigurðsonar, Austurvegi 44
Vélbjörn ehf, Miðengi 7
Vélingastofunnar Mænam, Eyravegi 8
Vélgrafir og þjónustu ehf, Dagmörk 4d

Hveragerði
Eldhestar ehf, Völlum
Hveragerðisbæjar, Borgarheiði 5
Sjúkr-Tæki ehf, Austurmörk 4

Skeiðaveit
Vélingastofunnar ehf Þjónustu, Eyrarbraut 3a

Laugarvatn
Áseðar ehf, Hlíðvöll 11

Flúðir
Grófsalarn ehf, Smiðjuvöllum 2
Héraðsskjólur Árnesprófastsdæmis, Hrunu

Hella
Gröfuþ ehf, Heiðvangi 6
Vigdís Pórðardóttir, Sjólr í Hörnum 2

Hvolsvöllur
Blaðfang, Stórólfsvelli
Fjölsmiðjan, Ormsvöllum 1
Héraðs ehf, Austurvegi 10
Hérðsnefnd Rangæinga, Vallarbraut 16
Krappi ehf, byggingaverktakar, Ormsvöllum 5
Kvenfélagið Bergþóra, Vestur-Landeyjum
Tjónaskoðun ehf/Geiri Langbrók, Fljótsvöllum, Klausturvegi 3

Vík
Byggingafélagið Klakkur ehf, Smiðjuvegi 9
Kvenfélag Hamarsbæjar, Mýrdalshreppur, Austurvegi 17
Rafiðn ehf, Suðurvegi 6
Vikurskál

Kirkjubæjarklaustur
Ferðaþjónustan Hunkubökum ehf, Hunkubökum
Hótel Geirland ehf/07-1918 www.geirland.is, sími 487-4677
Kvenfélag Skaftártungu, Lyngbrekkum
Tjónaskoðun Kristjáns S. Vestur Skaftafellssýslu
Ungmennafélagið Ármann, Skaftárvelli 6

Vestmannaeyjar
Bergur ehf, Strandvegi 28b
Bessi hf, Silfurgötu 8
Blikksmiðjan Hamarsbæ ehf, Miðstræti 3
Bliki ehf, Álfagötu 3
Bragginn ehf, Heiðarvegi 28
Dalhús ehf, Suðurgötu 4
Hermes ehf - Ljósvirkjun, Ásavegi 26
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun, Ofanleitisvegi 15-19
Málmiðn ehf, Strandvegi 30
Nafl ehf, Strandgötu 6
Netheimar ehf, Flötum 31
Pétursey ehf, Flötum 31
Stígandi hf, Ægisdyrum 3
Útfararstj ehf, Hrauntúni 2
Vestmannaeyjahöfn, Básaskersbryggju
Vörusal ehf, Vesturvegi 18
Ylfa ehf, Eiðisvegi 6

KRAFTUR
www.kraftur.org

Mannlífið

Óshlíðarhlaupið haldið í 16. sinn

Laugardaginn 28. júní verður hið árlega Óshlíðarhlaupið haldið í 16. sinn. Hlaupið hefur verið haldið samfellt frá árinu 1993. Hlaupið hefur fyrir löngu skapað sér fastan sess hjá hlaupurum á Vestfjörðum en það nýtur einnig vinsælda hjá fólki víðsvegar um land. Það er ekki að ástæðulausu en Óshlíðin er ein fallegasta og jafnframt hrikalegasta almenningshlaupaleið sem boðið er upp á hér á landi. Vegalengdir sem í boði verða eru hálft maraþon, 10 kílómetrar og 4 kílómetra skemmtiskokk. Nánari upplýsingar er að fá á heimasíðu Óshlíðarhlaupsins.

Smáauglýsingar

Til sölu er 1.-4. bindi af Arnardalsættinni. Upplýsingar í síma 586 1643.

Óska eftir ódýrum, sjálfskiptum bíl. Verð kr. 100-400 þús. Uppl. í síma 867 0386.

Til sölu er CompiCamp tjaldvagn árg. 2001 með nýlegu fortjaldi. Mjög góður vagn. Uppl. í síma 825 7080 og 893 7723.

Til leigu er herbergi í miðbæ Reykjavíkur. Leiga kr. 50.000. Laust 15. ágúst. Upplýsingar í síma 895 0497.

Til sölu er sófasett, 3ja sæta, 2ja sæta og stóll og sófasett í stíl. Á sama stað er til sölu skrifborð. Uppl. í síma 456 7325 og 843 0031 (Sigurborg).

Viltu léttast? Þá er LR-heilsukúrinn rétta lausnin. Ég er búin að léttast um 8 kg á 5 vikum og þú getur það líka. Mjög einfalt og þægilegt í notkun. Uppl. í síma 690 2103 (Dísa) eða á netfanginu jonadisa@internet.is

Til sölu er Zetor 5718 dráttarvél með húsi árg. 1986. Einnig fjárflutningavagn sem tekur 25 ær. Á sama stað er til sölu timbur (1x6) og margt fleira. Uppl. í síma 895 4115.

Áttu stórt útilegutjald í geymslunni? Ég óska eftir að fá lánað eða leigt stórt tjald fyrir Flæðareyrarhátíðina, helgina 4.-7. júlí. Góðri umgengni heitið. Uppl. í síma 868 0703 (Linda).

Tónleikar í hádeginu

Háskólasetur Vestfjarða og tónlistarhátíðin Við Djúpið stóðu að fernum hádegistónleikum í Bryggjusal Edinborgarhússins í vikunni. Hádegistónleikaröðin er nokkurskonar sambland fyrirlestra og tónlistarflutnings, því auk þess að flytja tónverk munu tónlistarmennirnir ræða verkin og höfundana sem eru á efnisskránni hverju sinni.

Lokatónleikar raðarinnar eru tileinkaðir fiðlutónlist á 20. öld fara fram kl. 12:10 á morgun, en þá leiða saman hesta sína þær Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari og Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari. Efnisskráin er fjölbreytt með sónötu fyrir fiðlu og píanó eftir jazztónlistarmanninn Keith Jarret og pólska tónskáldið Witold Lutoslawski og Íslenskri hugleiðingu fyrir fiðlu eftir Karólínu Eiríksdóttur.

Spurning vikunnar

Keyrir þú minna eftir hækkanir á verði eldsneytis?

Alls svöruðu 582.
Já sögðu 445 eða 76%
Nei sögðu 137 eða 24%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Kristín Lilja Kjartansdóttir og Þorsteinn Haukur Þorsteinsson.

Nýr vestfirskur diskur fékk góðar móttökur

Fjölmenni var á útgáfutónleikum hljómdisksins Lofgjörð til þín í Ísafjarðarkirkju á sunnudag. Fluttir voru sálmar eftir Þorstein Hauk Þorsteinsson en hann naut liðsinnis Kristínar Lilju Kjartansdóttur, Auðar Guðjónsdóttur, Mysterius Mörtu og Gospelkórs Vestfjarða.

„Ég er í skýjunum. Það voru tæplega tvö hundrað manns á tónleikunum og ég fyrst og fremst þakklátur fyrir þessar góðu móttökur sem við höfum fengið“, segir Þorsteinn Haukur. Hljómdiskurinn hefur verið í vinnslu í þrjú ár en um algjörlega vestfirska framleiðslu er að ræða. Allt efni á disknum er frumsamið á tímabilinu frá árinu 1996 fram á síðasta ár. „Þetta er loksins orðið að veruleika og ég varla kominn niður á jörðina til að átta mig á því.“ Diskurinn er kominn í sölu og verður seldur í nokkrum verslunum í Reykjavík en hér vestra verður hann seldur á bensínstöð N1.

Frá tónleikunum í Ísafjarðarkirkju á sunnudagskvöld.

Gústi í Múla níræður

Ágúst Guðmundsson, sem kenndur er við Múla við Ísafjarðardjúp, fagnaði 90 ára afmæli þann 11. júní. Af því tilefni bauð Ágúst sem þekktur er í daglegu tali sem Gústi í Múla til veislu á laugardag á Hlíf á Ísafirði þar sem hann er nú búsettur. Fjöldi manns fagnaði þessum merka áfanga með Ágústi og var afar glatt á hjalla. „Það var ótrúlega góð mæting sem sýnir hversu vinamargur hann er. Veislan stóð frá kl. 14 um daginn fram á kl. 11 um kvöldið. Fyrst var kaffiboð þar sem 140-50 manns mættu og um kvöldið var matarveisla fyrir nánustu ættingja en þar voru saman komnir um 60 manns“, segir Trausti Ágústsson sonur afmælisbarnsins. Að hans sögn var faðir hans afar ánægður með afmælið. Á myndinni er Gústi ásamt börnum sínum.

Óvenjuleg fæðing á HSÍ

Maríuerlan sem hreiðrað hefur um sig í skoti á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar hefur ungað út afkvæmum sínum. „Hún hafði það af sú litla að koma öllum krílunum í heiminn. Nú kúra 7 maríuerluungar í kotinu við fæðingardeildina og virðast una hag sínum vel, allténd er lystin næg. Auðvitað er erfitt að telja svona strá í heystakki en ekki er stætt á því að véfengja talningu alvanra höfðatöluljósmæðranna á FSÍ. Engum sögum fer af sængurgjöfum en víst er að nú er flugbrú með maðka og önnur kvikyndi að hreiðrinu enda þarf að koma ungviðinu á legg - eða öllu heldur væng - sem fyrst“, segir á vef Heilbrigðistofnunarinnar. Óhætt er að segja að fáar fuglafæðingar hafi fengið svo mikla athygli frá mennskum ljósmæðrum.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Austlæg átt, skýjað eða skýjað með köflum, en dálítil væta á víð og dreif. Hiti breytist lítið.
Horfur á laugardag: Austlæg átt, skýjað eða skýjað með köflum, en dálítil væta á víð og dreif. Hiti breytist lítið.
Horfur á sunnudag: Hæg norðlæg átt, skýjað með köflum vestantil á landinu, en annars skýjað og stöku skúrir.

Sumarið ríkir í gróðurstöð Ásthildar

Ásthildur Cesil Þórðardóttir er svo sannarlega kona með græna fingur. Til að mynda var hún var til margra ára garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar og rekur á sumrin gróðurstöð fyrir ofan kúluhús sitt á Seljalandsvegi á Ísafirði. Það er hún sem stóð fyrir því að litskrúðugar túlípanabreiður hafa prýtt Ísafjarðarbæ undanfarin sumur en það hefur vakið athygli og aðdáun. Bæjarins besta spjallaði við Ásthildi um vorið og gróður og bað hana um ráð til gróðureigenda.

– Þetta hefur verið gott vor gróðurlega séð, ekki satt?

„Jú það hefur verið það. Að vísu hefði mátt rigna örlítið meira en gróður kemur vel út.“

– Á hverju hausti eru settir niður laukar í blómabeð bæjarins og á vorin fegra fagurrauðir túlípanar bæinn. Vegna þessa hafa sumir farið að kalla Ísafjarðarbæ Túlípanabæinn en hann er svo sannarlega farinn að standa undir nafni í ár.

„Það er mjög gaman að frétta það frá söluaðilum haustlaukanna að fólk sé að koma alls staðar að og segjast vilja frá túlípana eins og á Ísafirði. Þeir hafa vakið mjög mikla athygli og þeir bjarga alveg vorinu fyrir mér því ég þarf ekki að setja niður sumarblómin fyrr en eftir 17. júní. Júní er oft svo annasamur mánuður að það er gott að geta geymt sumarblómin aðeins.“

– Hefurðu einhver ráð til gróðureigenda?

„Það er hægt að setja niður hvað sem er allt sumarið. Á þessum tíma er sniðugt að skoða fjölyrðinga sem blómstra um mitt sumar en plöntur í pottum má setja niður hvenær sem er. Það er enn fínn tími til að setja niður sumarblómin.“

– Hvenær opnaði gróðurstöðin?

„Ég opnaði nú 24. maí út af þrýstingi. Fólk var farið að hringja og spyrja hvenær ég ætlaði að opna, en það var einmitt vegna þess að veðrið var svo gott og það var farið að þrá að fá liti í garðinn hjá sér. Svo ég sló til og opnaði fremur snemma í ár. Vanalega reyni ég að láta líða fram undir mánaðamót maí-júní áður en ég opna.“

–Og er alltaf jafn mikil traffík í gróðurstöðina?

„Já fólk kemur ár eftir ár og svo eru alltaf einhverjir nýir sem bætast við.“

– Hér virðist vera allt til alls.

„Já ég hef farið í aðrar gróðurstöðvar og mér sýnist úrvalið vera ekkert síst minna hjá mér. Ég er mjög ánægð með mín blóm. Ég vil hvetja fólk að kíkja við og skoða þó það sé ekki nema til að fá sumarið í blóðið. Fólki finnst voða gott að koma og hlusta á fuglasönginn.“ Opið er í gróðurstöðinni virka daga frá kl. 8-12 og 13-18 og á laugardögum er opið frá kl. 13-18.

Seiðskrattahorn Ralfs

Ralf Trylla, nýráðinn umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, býr yfir ýmsum fróðleik um notagildi hversdagslegra plantna sem Íslendingar hafa hingað til litið á sem illgresi. Ralf ætlar að vera með vikulegt innlegg í Bæjarins besta þar sem hann bendir fólki á hvað má gera við þessar plöntur. Í þessari viku kennir Ralf lesendum að búa til hunang úr fíflum. Ralf biður fólk sem hefur áhugaverðar uppskriftir eða fróðleik um að senda sér póst á seidkrattahorn@isafjordur.is.

Þú þarft:
500 gr. af fíflum (bara blómin, þ.e.a.s. gula hlutann)
1 kg. sykur (brúnsykur er hollari og gefur dekkri lit)
½ sítrónu

Skolaðu fíflana og settu þá í lítra af köldu vatni og láttu standa í 2 klst. Sjóddu síðan vatnið og kældu hægt niður aftur. Settu lok á pottinn og láttu standa yfir nótt (u.þ.b. 12 tíma). Næsta dag skaltu sía vatnið frá blómunum í gegnum handklæði. Settu kíló af sykri út í vatnið og hálfa sítrónu (safa og aldinkjöt). Sjóddu í stutta stund og láttu malla á vægum hita þar til sírópið verður klístrað (gæti tekið langan tíma). Til að reyna á rétt seigjustig, settu smá í teskeið og leyfðu að kólna. Þegar rétt seigja er fengin, settu hunangið í sótthreinsaða krukku. Hunangið geymist í allt að átta mánuði.

Sælkeri vikunnar er Aðalbjörg Sigurjónsdóttir á Ísafirði

Gvatemölsk lárperusnitta og kínverskur hrefnukjötsréttur

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo óvenjulega rétti. Fyrst býður hún upp á uppskrift að gvatemalska lárperusnittu undir vestrænum áhrifum og svo kínverskan kjötrétt með hrefnukjöti. Aðalbjörg bendir á að í stað hrefnukjöts má nota nauta-, lamba-, eða svínakjöt.

Gvatemölsk lárperusnitta undir vestrænum áhrifum
Ristað brauð
Lárpera (avakadó)
Salt
Límóna (Lime)
Pizzu-sósa
Pipar
Rifinn ostur

Lárperumauk

Þegar valin er lárpera til verksins er best að hún sé svolítið mjúk. Lárperan er skorin í tvennt og innihald hennar skafið innan úr híðinu með skeið, sett í skál, og stappað með gaffli þar til það er vel maukað. Límónan er kreist í maukið og salti bætt útí. Magn límónu og salts fer eftir smekk.

Lárperumaukinu er nú smurt ofan á ristað brauð, því næst er nokkrum dropum af pizzusósu dreift jafnt yfir og að lokum er rifna ostinum og nokkrum piparkornum stráð yfir. Ristabrauðin eru svo skorin í litla þríhyrninga svo úr verða snittur.

Best er að útbúa snitturnar rétt áður en þær eru bornar fram því lárperumaukið á það til að verða svart á lit ef það er látið standa lengi.

Ef lárperumaukið er látið standa í e-n tíma áður en það er sett ofan á brauð er gott að láta lárperusteininn vera í því til þess að það verði ekki svart á litinn.

Kínverskur kjötréttur með hrefnukjöti
½ kg kjöt brytjað smátt
5 msk. matarolía
1 msk. kartöflumjöl
½ tsk. karrý
1 ½ tsk. sykur
1 tsk. salt
2 eggjarauður
½ tsk. sósulitur
½ tsk. Worchestersósa

Öllu er blandað saman í pott. Betra er að gera það töluvert áður en eldað er, jafnvel kvöldið áður svo kjötið nái að marínerast vel.

Hitað rólega upp, vegna hættu á viðbrennslu, og látið malla í upp undir 1 klst. Bæta má örlitlu vatni útí ef þurfa þykir. Meðlæti: Hrísgrjón og/eða kartöflur.

Ég vil tilnefna Ornu Grétarsdóttur á Ísafirði sem næsta sælkera vikunnar.

Blaðamaður

Blaðamaður/kona óskar til starfa á vikublaðinu Bæjarins besta og fréttavefnum www.bb.is frá og með ágúst mánuði.

Viðkomandi þarf að hafa góða íslenskukunnáttu og þekkja vel til aðstæðna á útbreiðslusvæði blaðsins.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurjón í síma 456 4560.

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 19. júní - 22. júní

LU-DAGAR

Samkaup úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Grundarfjörður • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 19. júní - 22. júní • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötborð eru á staðnum